



Áð ósk listamanns sprautuðu vaskir slökkviliðsmenn vænni bunu yfir lækinn í Hafnarfirði, í von um að búa til regnboga í tilefni Hinsegin daga. Því miður lét sólin ekki sjá sig en börnin skemmtu sér samt konunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleri myndir af vatnsfjörinu er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Segir ástæðulaust að örvænta

Framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar segir að yfirstandandi leiðrétting á veitingamarkaði kunni að verða til þess að þeir hafi erindi sem erfiði mest. Frá ársbyrjun 2018 hafa 29 nýir staðir verið opnaðir í miðbænum.

VÍÐSKIPTI „Þó svo ytri aðstæður eigi drjúgan þátt í rekstrarumhverfi dagsins í dag þá kann að vera að yfirstandandi leiðrétting á veitingamarkaðnum verði til þess að þeir hafi erindi sem erfiða mest. Ástandið gefur ekki tilefni til örvæntingar að mínu mati. Ekki strax,“ segir Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar og stjórnarmaður í Samtökum ferðaþjónustunnar.

Í umræðum um vanda veitingastaða nefna flestir rekstraraðilar háan launakostnað sem stærsta þáttinn.

Jakob segir að laun hafi vissulega hækkað mikið hin síðari ár. Undanfarin fimm til sex ár hafi orðið gríðarleg samkeppni um hæfasta fólkið og margir þess vegna greitt umfram kjarasamninga.

„Tryggingagjaldið má svo að sjálfsögðu hverfa enda er það bara skattur á laun. Það má færa fyrir því rök að það komi verr við hótél- og veitingarekstur en margar aðrar atvinnugreinar.“

Samkvæmt nýjum tölum frá Reykjavíkurborg hafa þrjátíu fyrirfrétttaflutning af tíðum lokunum alls 29 nýir veitingastaðir verið

opnaðir í miðbænum frá upphafi síðasta árs, þar af flutti einn innan miðbæjarins. Á þessu ári hafa 19 staðir verið opnaðir.

Jakob segir stöðum auðvitað hafa fjölgað mikið síðan ferðamannastraumurinn jókst.

Ef hægt sé að gefa sér að 150 veitinga- og matsölustaðir séu í miðborginni og 15 hætti, hvort sem það er vegna gjaldþrots eða einhvers annars, þá sé það 10 prósent markaðarins.

„Það er ekki svo mikið á jafn kvik- um markaði og raun ber vitni þó svo vissulega sé ákveðin holskefla búin

ad vera þessi allra síðustu misseri.“

Jakob segir að líta þurfi til þess að markaðurinn sé almennt vítt skilgreindur. Oft sé talað um veitingastaði allt frá finum stöðum á borð við Dill og yfir í bari og söluvagna.

Aðgangshindranir séu lægri varðandi hina síðarnefndu og ekki þurfi mikið fjármagn til.

Þess vegna villist hugsanlega inn í veitingamennsku fólk sem eigi þar ekkert erindi yfirhöfuð.

„Ef það væri jafn ódýrt og fljótlegt að stofna flugfélag þá myndi þetta fólk bara gera það. Það er misjafn sauður í mörgu fé.“ – sar

Ferrell stóðst allar væntingar

LÍFID „Ég var bara að hitta Will Ferrell áðan. Það var geggjað,“ sagði Arnmundur Ernst Backman sem staddur var í London er Fréttablaðið ræddi við hann, þá nýbúinn í tókum með bandaríska stórleikaranum Will Ferrell.

Í London fara nú fram tókur á Eurovision, mynd sem skartar Ferr- ell og Rachael McAdams í aðalhlutverkum.

„Það er svo gaman þegar maður hittir svona fólk og það algjörlega stenst allar væntingar. Hann var ótrúlega ljúfur og stuðningsríkur,“ sagði Arnmundur um Ferr- ell. – ssp / sjá síðu 30




**Hjá bónda í gær...
... hjá okkur í dag**

Bændamarkaður

laugardag og sunnudag

Veður



NA 5-13 m/s norðvestan til á landinu. Viða síðdegisskúrir. Hvessir í nótt, hvassast SA til. Dálítil væta N- og A-lands. Hiti 5 til 11 stig norðanvert en 10 til 15 syðra. **SJÁ SÍÐU 18**

Uppsagnir stjórnenda á Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Fjórum framkvæmdastjórum verður sagt upp og fimm aðrir eru komnir að endapunkti tímabundinnar ráðningar hjá Landspítalanum. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, getur ekki sagt á þessum tímamarki hvort komi til uppsagna á neðri stigum en ekki er stefnt að því að loka deildum.

Lengi hefur staðið til að breyta skipuriti Landspítalans. Páll segir að sparnaður sem slíkur hafi ekki verið markmið en að það dragi engu að síður úr sóun. Spítalinn glímur nú við rekstrarvanda og fundað er með heilbrigðisráðuneytinu vegna þessa. „Vandi spítalans er sá að barnið vex en brókin ekki,“ segir Páll. „Íslendingum fjölga og ferðamönnum fjölga, fólk eldist og til sögunnar koma nýjar og dýrar meðferðir. Við höfum fengið auknið fé en ekki í samræmi við þessi verkefni.“



Páll Matthíasson,
forstjóri Landspítalans.

Þess utan glímur spítalinn við skort á hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og hjúkrunarrýmum og launabótum vegna eldri kjarasamninga. Unnið er að því að leysa vandamálin en það gerist hægar en spítalinn þarf að sögn Páls.

„Við gerum ráð fyrir ákveðnu aukafjármagni, meðal annars vegna aukinnar framleiðslu, en við verðum að telja okkur slíkt til halla þangað til það er greitt. En ég dreg ekki fjöður yfir að það er rekstrarvandi,“ segir Páll. Fyrir tveimur árum var spítalinn á núlli en 1.400 milljóna hallarekstur síðasta árs fylgir yfir á þetta ár. „Markmiðið hjá okkur er að vernda klíniska þjónustu og þetta hafi engin áhrif á sjúklingana.“ – khg

Bananar og lambakjöt



Bónus hefur frá því á mánudag boðið nýsjálenska lambahryggi. Á skiltum segir að 40 prósent af verðinu renni í ríkissjóð. Er það í virðisaukaskatt og tolla. Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir grátlegast að á sama tíma og skattgreiðendur leggi fimm milljarða króna til sauðfjárbænda sé lambakjöt flutt út á miklu lægra verði en neytendum hér standi til boða miðað við tölur Hagstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íslendingar tilfinningalausir

SAMFÉLAG Breski rithöfundurinn Sarah Moss segist ekki hafa skynjað tilfinningar Íslendinga þegar hún bjó hér árin 2009 til 2010.

„Enginn virtist vera reiður, hræddur eða spenntur. Þegar Íslendingar blótuðu þurftu þeir að fá lánuð orð úr ensku,“ segir Sarah á vef The Guardian. Í tali skorti Íslendinga orð og segi minna en aðrar þjóðir. Hvort sem það sé til að sýna þakklæti, kurteisi eða dónaskap.

Sarah, sem hefur skrifað skáldsögur og sagnfræðiverk, flutti til Íslands til að fá innblástur. En hún náði aldrei að tengja við staðinn og hætti að skrifa er hún bjó hér. – khg



Sarah Moss.

Múlakaffi er vinsælast hjá starfsfólki ríkisins

Samkvæmt reikningum ríkisins fyrir júní er Múlakaffi vinsælasti veitingastaðurinn hjá starfsfólki hins opinbera. Nauthóll, Domino's og Bombay Bazaar eru einnig vinsælir.

VIÐSKIPTI Múlakaffi var vinsælasti veitingastaðurinn meðal starfsmanna hins opinbera í júní. Samkvæmt tölum úr Opnum reikningum ríkisins greiddu ríkisstofnanir 3,4 milljónir króna fyrir veitingar á Múlakaffi í júní.

Alls greiddi ríkið meira en 37 milljónir fyrir veitingar í júní en tölurnar voru enn að uppfærast þegar Fréttablaðið tók þær saman.

Veitingar sem opinberar stofnanir kaupa eru oftast í gegnum veisluþjónustur eða hádegisverðarþjónustur. Vinsælasta hádegisverðarþjónustan er Krydd og kaviar. Stofnanir greiddu 2,5 milljónir króna fyrir mat þaðan í júní. Soho catering er í öðru sæti með tæpa milljón. Fjöl margar stofnanir kaupa mikið af avöxtum og bakkelsi.

KH veitingar, sem reka Kolabrautina og Hörpudisk í Hörpu, koma á eftir Múlakaffi, með 2,4 milljónir. Nauthóll er þriðji vinsælasti staðurinn með veitingar upp á 1,4 milljónir í júní. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Landspítalinn eyddu mestu, en Landhelgisgæslan fór þangað oftast.

Nauthóll er alfarið í eigu Múlakaffis sem á 75 prósent í KH veitingum. Þannig keypti ríkið veitingar fyrir 7,2 milljónir króna af Múlakaffi og stöðum í eigu fyrirtækisins.

Domino's er einnig vinsæll. Hið opinbera keypti fyrir 409 þúsund krónur þar í júní. Hæsta upphæðin var 90 þúsund krónur hjá Veðurstofnunni. Það er þó ekki eini vinsæli



Starfsmenn Múlakaffis hafa í mörg horn að líta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Veitingastaðir mest sóttir af ríkisstarfsfólki

Múlakaffi	3.427
KH Veitingar	2.412
Nauthóll	1.425
Friðheimar	607
Domino's Pizza	409
Bombay Bazaar	376
Nings	350
Bergsson	232
Grillmarkaðurinn	232
Út í bláinn	193
Gló	99

*Upphæð í þúsundum króna

skyndibitinn. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum keypti KFC fyrir tæpar 130 þúsund krónur í júní.

Er það helst Ríkislögreglustjóri, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæslan, Héraðsaksóknari og Ríkissaksóknari sem borða á Múlakaffi.

Ekki merkja allar stofnanir kaup á veitingum með sama bókhaldslykli. Það gerir erfitt að ná utan um umfangið. Sem dæmi notar utanríkisráðuneytið ávallt bókhaldslykil

fyrir risnu ef verslað er við veitingastaði.

Hið opinbera verslaði við Áfengis- og tobaksverslun ríkisins fyrir 5,2 milljónir króna í júní. Sami bókhaldslykill er reyndar notaður yfir bæði áfengi og tóbak. Fangelsismálastofnun var langstærsti kaupandinn og keypti af ÁTVR fyrir 3,8 milljónir. Þar á eftir kom utanríkisráðuneytið með kaup upp á rúmar 350 þúsund krónur. Að undanskildum Háskóla Íslands sem verslaði mörgum snum fyrir lágar upphæðir var það aðeins Hæstiréttur og samgönguráðuneytið sem keyptu áfengi eða tóbak í júní.

Þó svo að reikningar 132 stofnana séu nú aðgengilegir á vefnum vantar stóran hluta hins opinbera.

Í svari Fjársýslunnar segir að einungis sé búið að innleiða A-hluta stofnanir sem nota bókhaldskerfi ríkisins í kerfið. Nú sé unnið að því að innleiða aðrar stofnanir sem falla undir A-hluta. „Óvíst hvenær verður farið í aðra ríkisluta en A,“ segir í svarinu. Þetta þýðir að ekki eru birtir reikningar opinberra fyrirtækja á borð við Isavia, ÁTVR, LÍN og Seðlabankann. arib@frettabladid.is

Holta
KJÚKLUNGUR

NÝTT OG SPENNANDI
FRÁ HOLTA

Hefur þú prósað Holta drumsticks?

KJARAVEXTIR - NÝJUNG Í BÍLALÁNUM

Helmingi lægri vextir!

KJARAVEXTIR

3,95%

HYUNDAI KYNNIR KJARAVEXTI NÝJA LEIÐ TIL FJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir Hyundai eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bílaláni. Fjármögnunarhlutfall er allt að 90% til 36 mánaða en lækkar með lengri lánstíma.

Kynntu þér Kjaravexti Hyundai á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar hjá Hyundai Kaupúni.

- Fastir vextir
- Engin verðtrygging
- Ekkert lántökugjald
- Lægri mánaðargreiðsla
- Miklu lægri kostnaður

HYUNDAI TUCSON

Dísil, sjálfskiptur, 4WD

VERÐ FRÁ: 5.090.000 kr.

KJARAVEXTIR

Mánaðarl. afb. 65.658 kr.
Heildar lántökukostn.....376.480 kr.
Árl. hlutfallst. kostn. 4,09%

BÍLALÁN*

Mánaðarl. afb. 73.542 kr.
Heildar lántökukostn.....740.177 kr.
Árl. hlutfallst. kostn.9,11%

HYUNDAI i20

Bensín, beinskiptur

VERÐ FRÁ: 2.390.000 kr.

KJARAVEXTIR

Mánaðarl. afb. 30.893 kr.
Heildar lántökukostn.....180.580 kr.
Árl. hlutfallst. kostn.4,18%

BÍLALÁN*

Mánaðarl. afb. 34.628 kr.
Heildar lántökukostn.....351.950 kr.
Árl. hlutfallst. kostn.9,24%



*Allir útreikningar á greiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 5 ára. Útreikningur BÍLALÁNA miðast við lægstu auglýstu vexti lánastofnunar sem í boði eru fyrir 70% lánshlutfall eða 7,4% vexti, 3,0% lántökugjald og 2.500 kr. þinglýsingargjald dags. 01.08.2019. Nánari upplýsingar og útreikninga má sjá á www.bl.is. Kjaravextir Hyundai gilda ekki með öðrum tilboðum nema það sé sérstaklega tekið fram.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Hjörvar: „Komið að enda-lokum“ Þáttastjórnandinn Hjörvar Hafliðason sem sagt var upp í gær hjá Sýn snýr sér að hlaðvarpsþáttunum Dr. Football.

2 Hjörvari og tólf öðrum sagt upp hjá Sýn Kristín Ýr Gunnarsdóttir og Síghvatur Jónsson voru meðal þeirra sem sagt var upp. Forstjóri segir þetta lið í skipulagsbreytingum.

3 Telja ekki að Nora hafi verið myrt Dánarorsök hinnar 15 ára Noru Qurin virðist innvortis blæðing vegna hungurs og álags.

4 Lýsir eftir manni sem keyrði á son hans og stakk af Ökumaður vespu ók á níu ára son Jens Elvars Sævarssonar við Miklubraut á miðvikudag.

5 Af hverju finnst ferðamönnum vatnið vont? Páll Stefánsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs segir íslenskt vatnið mýkra og og bragðminna en útlendingar séu vanir.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Verri horfur hjá fasteignafélagi

VIÐSKIPTI Fasteignafélagið Reitur hefur lækkað afkomuspá sína því rekstrarhorfur hafa þróast til verri vegar að því er segir í tilkynningu.

Fram kemur að í upphafi árs hafi Reitur áætlað að tekjur ársins yrðu 11.900 til 12.050 milljónir króna og að rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu yrði á bilinu 7.850 til 8.000 milljónir. Stjórnendur telji rekstrarhorfur hafa þróast til verri vegar. Tekjur verði 11.700 til 11.850 milljónir króna og rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar verði 7.550 til 7.700 milljónir.

„Breyttar horfur skýrast annars vegar af áhrifum af fækkun ferðamanna en hins vegar af þyngri rekstrarhorfum í mörgum atvinnugreinum, sem líklegar eru til að hafa neikvæð áhrif á útleigu atvinnuhúsnæðis og innheimtu viðskiptakrafna,“ segir í tilkynningunni. – þfh

Sækja um skólavist annars staðar en í Fossvogsskóla

SKÓLAMÁL Á fundi í Fossvogsskóla í gær kom fram að ekki myndi takast að klára að lagfæra rakaskemmdir sem enn eru á austurhlíð skólans. Börn eiga að mæta í skólann eftir viku. Áætluð verklok voru í nóvember en nú bætist við tímenn.

Þá kom fram að ákveðið var að flytja bókasafn skólans og hluti með svampefnum aftur inn þrátt fyrir mygluna. Reiði vakti að hvorki Helgi Grímsson sviðsstjóri né Kristján Sigurgeirsson verkefnisstjóri mættu á fundinn.

Móðir sem Fréttablaðið ræddi við sagði að þegar hefðu foreldrar sex barna í einum bekk sótt um vist í öðrum skólum. Auk myglunnar óttist fólk um börnin innan um þungar vinnuvélar í vetur. Telur hún furðulegt að þegar búið sé að verja 400 milljónum í endurbætur sé tekin áhætta með bækur og gamla stóla. „Það hefði verið ódýrara að rífa skólann og gera þetta fullnægjandi.“

Foreldrar kölluðu eftir öðrum fundi með öllum hlutaðeigandi aðilum. – kkg



Fundur í íþróttasal Fossvogsskóla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Íbúar eigi að ráða sameiningu

Oddvitar fimm fámennustu sveitarfélaga landsins eru á einu máli um að hugsanleg ákvörðun um sameiningu sveitarfélaga eigi að vera í höndum íbúanna. Í þessum sveitarfélögum er fjöldi íbúa 40 til 74.

SVEITARFÉLÖG Tillaga að þingsályktun um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga birtist á Samráðsgátt stjórnvalda á þriðjudaginn. Í henni kemur fram vilji stjórnvalda til að gera þúsund íbúa að lögfestri lágmarksstærð sveitarfélaga.

Oddvitar minnstu sveitarfélaga landsins segja þetta ekki koma sér á óvart en eru allir sammála um að ákvörðun um sameiningu sveitarfélaga eigi að vera í höndum íbúanna.

Sveitarfélög landsins eru 72 talsins en 40 þeirra eru með færri en eitt þúsund íbúa. Því er ljóst að stefnt er að því að fækka þeim um rúman helming. Fimm minnstu sveitarfélög landsins eru þá öll með íbúafjölda á bilinu 40 til 74.

„Ég hef ekki farið leynt með það að mér finnst fáránlegt að miða við hausatölu. Það eru svo margir aðrir þættir sem vigta miklu meira, bæði landfræðilegir og atvinnulegir,“ segir Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps. Íbúar þar eru 58.

Árni kveðst, líkt og oddvitar hinna fjögurra minnstu sveitarfélaganna, skilja báðar hliðar málsins en vill að heimamenn fái að ákveða hvenær þeir vilji fara út í sameiningu við önnur sveitarfélög. „Og hver er eiginlega kjörstærð sveitarfélags? eru það virkilega þessir þúsund íbúar?“ spyr Árni. Tekjur minni sveitarfélaga eru oft afar góðar og Árni veltir því fyrir sér hvort þær séu það sem stærri sveitarfélögin gírnist. „Manni hefur virst það vera þannig að þeir vilji bara gleypa þau sveitarfélög sem skila góðum tekjum á haus. Lyktin af þessu er svolítið þannig.“

Það kveður við svipaðan tón hjá oddvita Tjörneshrepps, Aðalsteini J. Halldórssyni. Í Tjörneshreppi er



Djúpavík er í Árneshreppi á Ströndum, fámennasta sveitarfélagi landsins með 40 íbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég hef ekki farið leynt með það að mér finnst fáránlegt að miða við hausatölu.

Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps



íbúafjöldinn 55. „Kjarni málsins finnst mér vera sá að það er engin gulrót í þessu fyrir litlu sveitarfélögin,“ segir hann. „Við munum ekkert græða á þessu.“

Þvert á móti segir Aðalsteinn sameiningu við nágrennasveitarfélagið Norðurþing þýða aukin fasteignagjöld og útsvar. „Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um hagræði fyrir ráðuneytið. Við getum alveg kyngt því en þá verða menn líka bara að segja það hreint út; ekki vera að reyna að sannfæra okkur um að þetta sé öllum til bóta,“ segir hann.

Aðalsteinn og Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti fámennasta sveitarfélags landsins, Árneshrepps, voru þá bæði þeirrar skoðunar að ef til sameiningar við stærri sveitarfélög

/// Fimm fámennustu sveitarfélögin

Árneshreppur	40 íbúar
Tjörneshreppur	55 íbúar
Skorradalshreppur	58 íbúar
Helgafellssveit	62 íbúar
Fliótsdalshreppur	74 íbúar

ætti að koma þyrftu þau minni að hagnast áþreifanlega á þeim. Íbúar Árneshrepps eru 40 talsins.

„Auðvitað eiga sameiningar rétt á sér, og skiljanlega þar sem um litil sveitarfélög er að ræða,“ segir Eva. „En það þarf að vera einhver akkur í því. Til dæmis í sambandi við betri samgöngur. Annars kæmi þetta ekki til greina að mínu mati.“

ottar@frettabladid.is

ÍS-BAND LEITAR AÐ STARFSMÖNNUM Í JEPPABREYTINGAR, ALMENNAR VIÐGERÐIR, STANDSETNINGU OG SENDIL.

- Okkur vantar aðila sem er vanur jeppabreytingum. Við erum að breyta RAM, Grand Cherokee og Wrangler og svo eru fleiri Jeep® breytingaverkefni í þróun.
- Okkur vantar fleiri bifvélavirkja í almennar viðgerðir á öllum gerðum bifreiða.
- Við leitum að starfsmanni til að sjá um standsetningu nýrra bifreiða, létt þrif og að sendast.
- Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um.

ÍS-BAND er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Chrysler, Fiat, Dodge, Jeep® og RAM. Verkstæðið þjónustar flestar tegundir bifreiða. Varahlutaverslunin flytur inn original varahluti og aukahluti frá Mopar og breytingafyrirtækjunum AEV og Teraflex, Falcon dempara, ARE pallhús og Bakflíp palllok. Starfsstöðvar ÍSBAND eru: Verkstæði og varahlutaverslun Smiðshöfða 5. Sölueld nýrra bíla Þverholt 6 Mosfellsbæ.

Upplýsingar um störf gefur johannes@isband.is



ÍSLENSK-BANDARÍSKA • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 534 4433 • WWW.ISBAND.IS

SKIPTIBÓKA

BÓNUS! +400 kr.

Penninn Eymundsson

Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti,
Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður,
Húsavík, Vestmannaeyjar.

KT:560109-0670 VSK:100269

VÖRUSKIL

Lýsing Upphæð

SKIPTIBÓKABÓNUS
+ 400 kr. fyrir hverja bók


Stærðfræði	1 stk.	2.320
Skiptibókabónus		400
Líffræði	1 stk.	2.400
Skiptibókabónus		400

Samtals kr. 4.720 (+800)

Inneignarnóta - 5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.

Þökkum viðskiptin



Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu **400 krónur í bónus!** Í Pennanum Eymundsson færðu **BÓNUS** fyrir bækurnar þínar. Tilboðið gildir til og með 19. ágúst.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl. 400 kr. bónus gildir til og með 19. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

Stjórnvöld geri ekki sömu mistökin og í síðustu niðursveiflu

EFNAHAGSMÁL Samtök atvinnulíffsins (SA) telja að nú séu kjöraðstæður til þess að stjórnvöld ráðist í uppbyggingu innviða. SA mæla sérstaklega með því að hið opinbera fari í samstarfsverkefni með einkaaðilum þegar kemur að stórum framkvæmdum.

„Nú þegar hægja tekur á í hægkerfinu er kjörlið tækifæri til að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi. Í síðustu niðursveiflu voru innviðir látnir sitja á hakanum og mikilvægt er að stjórnvöld geri ekki sömu mistök heldur spyrni gegn niðursveiflu

unni með auknum innviðafjárfestingum,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

Hann segir að SA fagni áformum stjórnvalda um að heimilt verði að bjóða tilteknar framkvæmdir út sem samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Reynslan af byggingu Hvalfjarðarganga og sambærilegum verkefnum erlendis sýni svart á hvítu að slíkt samstarf sé af hinu góða.

„Þegar stjórnvöld og einkaaðilar deila ábyrgðinni og áhættunni af

uppbyggingu, rekstri og viðhaldi samgönguinnviða, svo dæmi sé tekið, er hægt að ná fram því besta úr báðum aðilum sem skilar sér í betri áætlanagerð, betra viðhaldi og bættri þjónustu – öllum til hagsbóta,“ segir Halldór.

Samtökin birtu í gær grein þar sem fjallað er um uppbyggingu innviða. Þar segir að þrátt fyrir að stjórnvöld hyggist verja auknum fjármunum til samgönguframkvæmda á komandi árum dugi það skammt til að mæta uppsafnaðri áætlaðri þörf. – sar



SA hvetja til meiri fjárfestinga í uppbyggingu innviða. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Björn Lindal Traustason, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna.

Sparisjóðsstjóri neitar ábyrgð

NEYTENDUR Neytendasamtökin og VR hvetja lántakendur til að hætta að greiða af smálánaskuldum nema að fá skýra sundurliðun á kröfum. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær skoða félögin réttarstöðu lántakenda vegna innheimtuaðferða Almennrar innheimtu ehf. Segir VR margt benda til að innheimtan sé ekki í samræmi við lög.

Lögfræðingar VR og Neytendasamtakanna skoða hvernig smálánafyrirtæki hafa látið skuldfæra af bankareikningum fólks þótt skýr heimild sé ekki til staðar.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, leggur innheimtu smálánaskulda að jöfnu við innheimtu fíkniefnaskulda og gagnrýnir Sparisjóð Strandamanna sem veitir Almennri innheimtu aðgang að greiðsluþjónustu bankanna.

Björn Lindal Traustason sparisjóðsstjóri segir að ef Sparisjóðurinn segði upp viðskiptunum fyrirvaralaust gæti hann orðið skadabótaskyldur. Hann sé ekki ábyrgur fyrir innheimtu smálána.

„Það kemur bara alls ekki til greina að menn stundi ólöglega starfsemi og noti okkar kerfi til þess. Þessir aðilar hafa lýst því yfir að þeir séu hættir að innheimta lán sem bera hærra vexti en heimilt er samkvæmt lögum um neytendalán. Reynist það rangt munum við skoða stöðu okkar,“ segir Björn. – ab

Vilja að þrenn jarðgöng eystra verði öll boðin út á sama tíma


Hringtenging á Austurlandi myndi gerbreyta samskiptum íbúa á svæðinu og gera það að einu þjónustu- og atvinnusóknarsvæði. Bæjarráð Fjarðabyggðar leggur áherslu á að þrenn göng verði boðin út samtímis til að tryggja framgang þeirra.

SAMGÖNGUMÁL Bæjarráð Fjarðabyggðar leggur áherslu á að þrenn jarðgöng verði boðin út samtímis til að tryggja að hringtenging Austfjarða með jarðgöngum verði að veruleika í framtíðinni. Starfshópur um jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi leggur til að byrjað verði á að grafa undir Fjarðarheiði og með því tengja Seyðisfjörð upp á Hérað.

Samkvæmt úttekt KPMG eru mestu áhrifin, bæði fyrir samfélagið á Austurlandi öllu og á Seyðisfirði, af því að hringtenging komist á, það er að bæði verið gerð göng undir Fjarðarheiði til Fljótsdalshéraðs og að Norðfjörðum og Seyðisfjörðum verði tengdir tvennum göngum um Mjóafjörð. Hins vegar leggur starfshópurinn ekki til að það verði gert heldur aðeins að farið verði í framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng.

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar, segir gríðarlega mikilvægt að hringtenging komist á.

„Með hringtengingu verður Austurland að einu atvinnusvæði sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir samfélagið á Austurlandi. Þar með yrði svæðið sterkara og betur í stakk búið að takast á við þau verk-



Seyðisfirðingar hafa lengi kallað eftir bættum samgöngum, sér í lagi vegna komu Norrænu til bæjarins.

Með hringtengingu verður Austurland að einu atvinnusvæði.

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar



efni sem krafist er af nútímasveitarfélögum.“

Hjalti Jóhannesson, landfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri, hefur rannsakað samgöngubætur og áhrif þeirra um áratuga skeið. Hann telur vissulega að hringtenging myndi breyta gríðarlega miklu fyrir Austurland í heild en telur að fyrst um sinn sé gott að byrja á að tengja Seyðisfjörð við Hérað.

„Það er ljóst að hringtenging Austfjarða mun vera kostnaðarsöm framkvæmd og því eðlilegt að taka

þetta í einhvers konar skrefum. Því er skiljanlegt að farið sé í eina framkvæmd í einu og þá rétt hjá starfshópnum að byrja á því að grafa göng undir Fjarðarheiði,“ segir Hjalti.

Með því að fara leið starfshópsins er því ekki loku fyrir það skotið að hægt verði í framtíðinni að klára umrædda hringtengingu, svo fremi sem í það faist fjármagn frá ríkinu. Samgönguráðherra hefur velt upp þeirri hugmynd að jafnframt verði krafist veggjalda af vegfarendum. sveinn@frettabladid.is

Hverfisgata opin gangandi á Menningarnótt og skýringum hafnað

FRAMKVÆMDIR Opna á fyrir bílaumferð á framkvæmdasvæðinu á Hverfisgötu um miðjan september en ekki í lok ágúst eins og áður var áætlað, að því er kemur fram í svari Jóns Halldórs Jónassonar, upplýsingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg, til Fréttablaðsins.

„Gert er ráð fyrir að gatan verði opin fyrir gangandi á Menningarnótt á þjappaðri fyllingu,“ segir í svari Jóns Halldórs. „Gönguleiðir meðfram framkvæmdasvæðinu hafa verið og verða áfram opnar á framkvæmdatíma. Aðkomuleið að bílastæðahúsinu Traðarkoti er opin og hefur henni verið haldið opinni á framkvæmdatímanum – að frátöldum einum degi þegar tengja þurftu lagnir.“

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Ólöfu Snæhólm Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa Veitna, að rangar upplýsingar frá Safnahúsinu um

Þetta er bara ósatt allt saman.

Kristján Þórarinnsson, verkefnastjóri hjá Ríkiseignum

hæðarpunkt í frárennslisbrunni kosti þriggja til fjögurra daga tafir á framkvæmdum í Hverfisgötu. Ríkiseignir vísa á bug fullyrðingum um að tafir á verkinu megi rekja til þeirra.

„Þetta er bara ósatt allt saman,“ sagði Kristján Þórarinnsson, verkefnastjóri hjá Ríkiseignum, við fréttablaðið.is í gær. Ekki sé við Ríkiseignir að sakast. Hann hafi átt fund með hönnuði og fulltrúa borgarinnar í febrúar. „Þar fékk ég verktakann til að vinna verkið og



Unnið verður að ýmsu þótt umferð bíla hefjist. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þetta var allt saman unnið í sátt,“ segir hann.


Í bréfi sem Ríkiseignir sendu Fréttablaðinu í gær segir að sátt hafi verið um að verktakinn réðist í umbeðnar breytingar á lögnum Safnahússins um leið og götulögnin var endurnýjuð. „Málið var allt unnið í samráði við verktaka götunnar sem tók að sér að fleyga rás í rétta hæð eftir að skurðurinn var kominn milli húss og götu. Þessi vinnu-tilhögun þótti heppileg þar sem ókostur væri að hafa mörg vinnutæki á sama stað,“ segir í bréfinu. Mælingamaður verktakans hafi verið fenginn til að taka hæðarpunktana til að sannreyna fyrirbyggjandi teikningar.

Aðspurður hvort hæðarpunktarnir hafi þá ekki verið rangir segir Kristján: „Ja, hafi þurft að breyta þeim þá hefði það komið í ljós þegar þeir mældu þetta sjálfir.“ – ólp / gar

Fersk pottaplöntusending

20%
AFLÁTTUR AF ÖLLUM
BLÓMAPOTTUM

Frábært verð!
INDJÁNAFJÖBUR
SÓLHLÍFARBLÓM
DREKATRÉ, O.FL.
990KR




50% af öllum
gærðljósum



20% AF ÖLLUM KERTUM OG LJÓSASERÍUM

BRUNCH HLÆÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Á flugvöllinum í Hong Kong.
NORDICPHOTOS/AFP

Heræfing nærri Hong Kong

KÍNA Hundruð kínverskra herlög-reglumanna settu á svið heræfingu á íþróttaleikvangi í tækniborginni Shenzhen í gær, skammt frá sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong. Reuters greindi frá málinu og sagði bandaríska utanríkisráðuneytið hafa áhyggjur af möguleikanum á því að auðvelt væri nú að senda herliðið yfir til Hong Kong til þess að taka á mótmælaöldunni sem ríðið hefur yfir borgina undanfarna mánuði.

Stjórnvöld á meginlandi Kína hafa ítrekað lýst yfir óánægju sinni með mótmælin. Hafa þau farið fram á að borgaryfirvöld geri það að algeru forgangsatríði að koma daglegu lífi í eðlilegt horf á ný.

Mótmælin snerust upphaflega um andstöðu við frumvarp stjórnvalda um að heimila framsal til Kína. Eftir að frumvarpið var kæft hafa mótmælendur krafist rannsókna á meintu lögregluofbeldi, að handteknir mótmælendur verði leystir úr haldi og afsagnar ædsta embættismannsins Carrie Lam. Mikil fórn fyrir því um síðustu helgi þegar mótmælendur tóku yfir alþjóðaflugvöll borgarinnar, án ofbeldis þó, og var flugi aflýst vegna þess. – þea

Meina þingkonum að koma til Ísraels

ÍSRAEL Arye Deri, innanríkisráðherra Ísraels, hefur ákveðið að meina þeim Ilhan Omar og Rashida Tlaib, þingkonum Demókrata í fulltrúadeild bandaríska þingsins, að koma til landsins. Þetta sagði Tzipi Hotovely, aðstoðarutanríkisráðherra landsins, í útvarpsviðtali í heimalandinu í gær en þingkonurnar áttu að heimsækja Ísrael í næstu viku.

Innanríkisráðuneytið birti tilkynningu um málið. Þar sagði að stjórnvöldum þætti „óhugsandi að þau sem vilja skaða Ísraelsríki fái leyfi til að heimsækja það“.



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.

Ákvörðunin markar viðsnúning frá því í síðasta mánuði. Ron Dermer, sendiherra Ísraels í Bandaríkjunum, sagði þá að vegna „virðingar fyrir bandaríska þinginu og góðu bandalagi Ísraels og Bandaríkjamanna“ yrði þingkonunum heimilað að koma til landsins.

Ástæðan fyrir banninu er sú að þingkonurnar tvær hafa lýst yfir stuðningi við hreyfingu þeirra sem vilja að sem flestir sniðgangi Ísrael og ísraelskar vörur til þess að sýna Palestínunönnum samstöðu. Ísraelsk lög kveða á um að stuðningsmenn sniðgöngu fái ekki að koma til landsins.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur áður gagnrýnt þingkonurnar harðlega og hefur, samkvæmt bandaríska miðlinum Axios, þrýst á Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, að meina þeim innngöngu. „Það væri veikleikamerki ef Ísrael leyfði Omar og Tlaib að koma í heimsókn. Þær hata Ísrael og alla gyðinga og munu aldrei skipta um skoðun,“ tisti forsetinn svo í gær. – þea

Franskar flughetjur



Franski fluglistahópurinn Patrouille de France lék listir sínar í Saint-Raphaël í suðausturhluta Frakklands í gær við mikla hrifningu viðstaddra. Voru flugmennirnir þar að taka þátt í athöfn þar sem þess var minnst að 75 ár voru liðin frá því að bandamenn réðust inn í Suður-Frakkland í seinni heimsstyrjöld. Sú aðgerð heppnaðist vel og náðu bandamenn svæðinu af nasistum. Lögðu þannig grunninn að sigri. NORDICPHOTOS/AFP

Sameining eða þjóðarmorð

Forsætisráðherrar Indlands og Pakistans báru hvor út sinn boðskapinn um hina eldfimu stöðu sem er uppi í indverska hluta Kasmír-héraðs. Svæðið hefur verið svipt sjálfstjórn og íbúar búa við útgöngubann, net- og simaleysi.

INDLAND Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, nýtti ræðu sína á þjóðhátíðardegi landsins í gær einkum til þess að útskýra ákvörðun sína um að svipta indverska hluta Kasmír sjálfstjórn. Ákvörðunin hefur verið harðlega gagnrýnd. Einkum af Pakistönnum sem gera, líkt og Indverjar, tilkall til alls Kasmír-héraðs.

„Í dag getur hver einasti Indverji stoltur sagt að í Indlandi sé ein þjóð, ein stjórnarskrá,“ sagði Modi og bætti við:

„Hið gamla fyrirkomulag í Jammu, Kasmír og Ladakh stuðlaði að spillingu, frændhygli og óréttlæti í garð kvenna, barna, dalíta og ættbálkasamfélaga.“

Þá ræddi Modi einnig um hryðjuverk á svæðinu og sagði Indland áfram ætla að berjast af hörku gegn hverjum þeim sem breiddi út hryðjuverkastarfsemi. Vert er að minnast þess að fyrr á árinu voru hryðjuverkamtökin JeM sögð hafa gert árás á Pulwama í indverska hluta Kasmír. Indverjar sögðu Pakistana hafa brugðist með því að uppræta ekki starfsemi JeM í pakistanska hluta Kasmír og spennan á milli kjarnorkuveldanna tveggja jókst gríðarlega. Indverjar sögðust hafa gert loftárás á bæki-stöðvar JeM og hermenn ríkjanna tveggja skutu hverjir að öðrum. Ekki kom þó til stríðs, hvað þá kjarnorkustríðs.

„Hryðjuverkastarfsemi felur í sér stríð gegn mannkyninu. Þess vegna mun Indland afhjúpa hverja þá sem stýðja, skýla eða breiða út hryðju-



„Kasmír brennur,“ sagði á þessum borða í pakistönsku borginni Íslamabad í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hvað gerðist í Kasmír?

Tugir þúsunda indverskra hermanna voru fluttir til indverska hluta Kasmír í upphafi mánaðar. Skólum var lokað, ferðamönnum gert að yfirgefa svæðið og skorið var á bæði síma- og netsamband, samkvæmt samantekt breska ríkisútvarpsins.

Í kjölfarið tilkynnti indverska ríkisstjórnin að indverski hluti Kasmír, ríkið sem nefnist Jammu og Kasmír, yrði svipt sjálfstjórn og

íbúar þeim sérstöku réttindum sem þeir höfðu fengið. Þannig var sérstök stjórnarskrá svæðisins felld úr gildi og löggjafarvaldið tekið til baka.

Þessi umdeilda aðgerð hefur lengi verið á borðinu hjá Narendra Modi og BJP-flokki hans. Var til að mynda á stefnuskrá flokksins fyrir kosningarnar fyrr á árinu. Að mati BJP-liða er hún nauðsynleg til þess að sameina Indverja. Gagnrýnend-

Hvað er málið með Kasmír?

Það er löng saga. Pakistanar og Indverjar gera hvorir tveggja tilkall til svæðisins alls. Héraðið þykir mikilvægt vegna orku og menn-

verkastarfsemi,“ sagði Modi. Þótt hann hafi ekki nefnt Pakistan á nafn má leida líkur að því að grannríkið hafi verið Indverjanum ofarlega í huga.

Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans, lét einnig í sér heyra í gær. Hann gagnrýndi harðlega útgöngubannið sem hefur verið í

ingar og er það einnig hernaðarlega mikilvægt sökum staðsetningar. En samkvæmt greiningu The Diplomat er mikilvægi Kasmír

ur hafa hins vegar haldið því fram að Modi geri þetta núna til þess að beina athyglinni frá efnahagsörðugleikum og að til lengri tíma lítið sé aðgerðin hugsuð til þess að breyta því að múslimar séu í meirihluta í Jammu og Kasmír. BJP aðhyllist hindúa-þjóðernishyggju og með aðgerðinni er afnuminn sá réttur yfirvalda í Jammu og Kasmír að banna aðkomumönnum að kaupa land.

helst fólgið í því að úr jöklum svæðisins rennur ferskt vatn, lífsnauðsynlegt fyrir íbúa á þurrum svæðum í Pakistan og á Indlandi.

„Mun heimsbyggðin horfa þegjandi á annað Srebrenica-þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir á múslimum í indverska Kasmír? Ég vil vara alþjóðasamfélagið við þessu. Þetta myndi hafa alvarlegar afleiðingar í múslimaheiminum og leidda afsér róttæknivæðingu og ofbeldi.“ thorgnyr@frettabladid.is



SMARTBÍLAR

546 0088 | Bíldshöfði 20 | www.smartbilar.is

Við hliðina á Húsgagnahöllinni og Krónunni



2019 Nissan Leaf

40 KWH bílar á leið til landsins
Afhendingartími 2-9 vikur

Verð frá 3.350.000

NÝR

*Komið í dag og reynsluakið
nýjum Nissan Leaf*



2020 Volvo XC40 Plug-IN Hybrid

Verð frá 5.390.000



2020 Volvo XC60 Plug-IN Hybrid

Verð frá 7.390.000



2020 Volvo XC90 PLUG-IN Hybrid

Nýtt Facelift
Verð frá 8.490.000



2020 Volvo V60 Plug-IN Hybrid

Verð frá 5.990.000



2019 Nissan leaf

Vetrapakki, álfelgur, hraðhleðsla

Verð 3.690.000



09/18 Nissan Leaf Tekna

ekinn 5 þ.km Evrópu sýningarbíll í ábyrgð

Verð 4.195.000



2019 Nissan leaf

Vetrapakki, tækniapakki, leðursæti

Verð 3.800.000



2019 Mitsubishi Outlander plug-in Hybrid

Verð frá 3.990.000



2018 Chrysler Pacifica Hybrid

leðursæti ekinn 29 þ.km

Verð 5.395.000



2016 BMW X5 xDrive40e

ekinn 99 þ.km

Verð 5.195.000



2016 Volvo XC90 AWD T8 Inscription

ekinn 92 þ.km

Verð 6.195.000



2019 Kia Niro Electric

64 kwh drægni 400-450 km

Verð 4.990.000



2016 BMW X5 4X4 PLUG-IN Hybrid

ekinn 75 þ.km

Verð 5.495.000



2016 BMW X5 4X4 Plug-IN Hybrid

ekinn 68 þ.km

Verð 5.495.000



2017 Volvo XC90 T8 Inscription

ekinn 33 þ.km

Verð 7.990.000



2017 Volvo XC90 T8 Inscription

ekinn 105 þ.km

Verð 5.990.000



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í von um regnboga

Að ósk listamanns sprautaði Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vænni bunu yfir lækinn í Hafnarfirði í von um að búa til regnboga í tilefni Hinsegin daga. Sólin lét ekki sjá sig svo enginn varð regnboginn en börnin skemmtu sér samt sem áður í dembunni sem bunan varð að.



Snúin staða



Hörður Áegisson
hordur@frettabladid.is

Stærstu seðlabönkum heims er vandi á höndum. Horfur í heimshagkerfinu hafa farið versnandi að undanfögnu. Spenna í milliríkjavíðskiptum Bandaríkjanna og Kína fer vaxandi, iðnaðarframleiðsla í Evrópu er að dragast saman og afkomu fyrirtækja vestanhafs hefur hrakað. Hlutabréfa-verð hefur fallið og fjárfestar flýja með fé sitt í öruggari eignir á borð við ríkisskuldabréf, gull og svissneska frankann og japanska jenið. Svigrúm peningamálayfirvalda, einkum á evrusvæðinu, til að stemma stigu við niðursveiflu með frekari vaxtalækkunum er takmarkað. Neikvæða vexti má nú finna víða í Evrópu – sænska ríkið gaf út tíu ára skuldabréf í fyrradag á neikvæðum vöxtum í fyrsta sinn – og ávöxtunarkrafa bandarískra ríkisskuldabréfa fer hriðlækkandi.


Hvað þýðir þetta fyrir Ísland? Ólíkt evruríkjunum, sem hafa fá úrræði með vextina við núllið og eru föst í spennitreyju misheppnaðs myntbandalags, erum við – með stýrivextina í 3,75 prósentum – vel í stakk búin til að takast á við samdrátt. Við núverandi aðstæður er það í reynd heilbrigðismerki að vera með vextina á þeim stað – réttum megin við núllið. Óþarfi er að fjölyrða um hver áhrifin hefðu verið á stöðugleika ef vaxtastigið hefði verið ákvarðað af Evrópska seðlabankanum á sama tíma og Ísland upplifði fordæmalausa uppsveiflu. Þótt flestum ætti að vera ljóst þetta samhengi hlutanna hafa samt verið stofnaðir stjórnmalaflokkar út frá þeirri misráðnu greiningu að flest efnahagsleg vandamál Íslands stafi af því hver sé skammstöfunin á gjaldmiðlinum.

Alþjóðahagkerfið hefur ekki verið í veikari stöðu í mörg ár. Verði samdráttur í eftirspurn á erlendum mörkuðum mun það að óbreyttu að skapa forsendur fyrir frekari vaxtalækkunum hér á landi. Verðbólga ætti að haldast lág og ef vextir úti í heimi lækka enn gæti það þýtt aukið innstreymi fjármagns sem mun styðja við krónuna. Fátt bendir því til annars en að langtímavextir á Íslandi lækki verulega á komandi árum, rétt eins og Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter, benti á í samtali við Markaðinn í vikunni. Með skynsamlegri hagstjórn og höflegum launahækkunum er ástæða til að ætla að þróunin verði sú hin sama og hjá öðrum litlum ríkjum með sjálfstæða mynt, eins og Nýja-Sjálandi og Ísrael, þar sem langtímavextir hafa hriðlækkad á einum áratug og eru í dag um eitt prósent.

Fáir skilja þetta betur en Ásgeir Jónsson, nýskipaður seðlabankastjóri. Hans biður snúin staða þegar hann tekur við embættinu í næstu viku. Á sama tíma og óveðursskýin hafa hrannast upp á alþjóðamörkuðum, sem mun hafa einhver áhrif á íslenskt efnahagslíf, er margt sem bendir til að samdrátturinn vegna falls WOW verði minni en margir óttuðust. Þótt ferðamönnum hafi fækkað um fimmtung hefur erlend kortavelta ekki dregist saman, gistinóttum útlendinga á hótélum hefur fjölgað og ekki er útlit fyrir sama atvinnuleysi og svart-sýnni spár gerðu ráð fyrir. Stóru tíðindin eru hins vegar þau að Seðlabankinn getur nú, sökum sterkrar stöðu þjóðarþúsins, lækkað vexti í niðursveiflu án þess að þurfa að óttast að slíkt valdi gengisfalli og aukinni verðbólgu. Nýr seðlabankastjóri mun að líkindum nýta það tækifæri og mæla fyrir höflegri lækkun vaxta á fyrsta vaxtaákvörðunarfundinum sínum í lok mánaðarins.

Stofnaðir hafa verið stjórnmalaflokkar út frá þeirri misráðnu greiningu að flest efnahagsleg vandamál Íslands stafi af því hver sé skammstöfunin á gjaldmiðlinum.

Halldór



Frá degi til dags

Sigurður skælbrosandi
Það er óhætt að segja að söl Sigurður Inga Jóhannssonar skini skært. Ekki er hægt að opna tölvu eða fletta dagblaði án þess að sjá skælbrosandi samgönguráðherrann frá Syðra-Langholti. Sigurður brosti þegar hann kynnti áætlun um að þvinga saman heilbrigð litil sveitarfélög á sjó árum. Sigurður brosti líka vegna áætlana um að bora Austurlandið sundur og saman svo að allir komist á Mjóafjörð. Þau áform eru strax komin niu milljarða fram úr áætlun þrátt fyrir að borarnir hafi ekki enn verið gangsettir. Þá fór Sigurður skælbrosandi til Berufjarðar til að klippa á borða.

Mamma Merkel og pabbi Pence
Samtökin '78 hafa nú hátt um komu varaforseta Bandaríkjanna, Mike Pence, til Íslands. Í útvarpsviðtali kallaði formaðurinn hann „illgjörðamann“ hins-egin fólks. Það er allt saman satt og rétt. Pence er argasta íhald og til dæmis á móti hjónaböndum hinsegin fólks. Sjálfsgert er að láta í sér heyra þegar slíkur maður er boðið að koma til landsins. Ekki heyrir hins vegar múkk í samtökunum um komu Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Þegar hjónabönd hinsegin fólks voru leyfð þar í landi árið 2017 kaus Merkel nei, til að styggja ekki bakland sitt. Það mætti að minnsta kosti heyrast eitt múkk vegna komu hennar.
kristinnhaukur@frettabladid.is

Auðlindahagkerfið



Þorsteinn Viglundsson
varaformaður Viðreisnar

Ísland er auðugt samfélag; lífskjör góð, landsframleiðsla á mann er hér mjög há og þjóðin einstaklega heilbrigð og hamingjusöm í alþjóðlegum samanburði. Auðlegð okkar hefur hingað til byggst á mikilli nýtingu náttúruauðlinda, enda fámenn þjóð í stóru og auðlindaríku landi. Á þessum grunni höfum við byggt upp öflugt og gott velferðarsamfélag.

Á lýðveldistímanum höfum við stóraukið ásókn okkar í náttúruauðlindir landsins. Fiskaflí okkar hefur þrefaldast, raforkuframleiðsla 200-faldast og fjöldi ferðamanna fjögur hundruð-faldast. Útflutningstekjur okkar af náttúruauðlindum hafa farið úr tæpum 180.000 krónum á íbúa í rúmar 2,8 milljónir króna. Fyrir komandi kynslóðir er eðlilegt að spyrja hvort við getum vænst áfram svo mikillar aukningar í auðlindanýtingu eða erum við að nálgast þörmörkin? Áhyggjuefni er hversu lítið við höfum aukið útflutningstekjur okkar á grundvelli þekkingargreina. Þær hafa staðið í stað undanginn áratug. Ekki vantar hugvitið eða þróttinn í þessum fyrirtækjum, það vitum við, en þau gefast upp eða hverfa úr landi vegna lélegra rekstrarskilyrða. Skýringin á þessu er einföld. Við búum við litinn og óstöðugan gjaldmiðil sem skapar þessum fyrirtækjum óviðunandi rekstrarskilyrði. Þekkingarfyrirtæki ráða illa við þessar sveiflur enda kostnaður þeirra að stærstum hluta laun og annar innlendur kostnaður. Krónan grefur undan samkeppnishæfni þessara fyrirtækja með reglulegu millibili svo þau ýmist leggja upp laupana eða hrökklast úr landi.

Að óbreyttu munum við dragast aftur úr öðrum þjóðum hvað lífsgæði varðar. Fjórðu iðnbyltingunni munu fylgja mikil tækifæri en um leið miklar breytingar. Hætt er við því að ungt fólk kjósi með fótunum ef ekki tekst að skapa viðunandi atvinnutækifæri og lífskjör hér á landi. Reynsla byggðapróunar undanfarinna áratuga ætti að kenna okkur það. Ætlum við sem þjóð áfram að byggja einvörðungu á auðlindanýtingu í krónuhagkerfi með tilheyrandi fábreytni í atvinnulífnum eða ætlum við að taka þátt í framtíðinni með áherslu á þekkingargreinar og alþjóðlegan gjaldmiðil sem tryggir rekstrargrundvöll þeirra? Velferð framtíðarkynslóða þessa lands veltur á hvernig til tekst.



Áhyggjuefni er hversu lítið við höfum aukið útflutningstekjur okkar á grundvelli þekkingargreina.

Ertu söngfugl?

Kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Fyrsta verkefni kórsins í haust er þátttaka í jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Spennandi dagskrá eftir áramót.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfu klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 28. ágúst og laugardaginn 31. ágúst.

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia

Rekstrarráð fyrir þrælahaaldara

Í DAG



Þórlindur
Kjartansson

Þaglegar áskoranir bænda í Suðurríkjum Bandaríkjanna um miðja nítjándu öld voru að mörgu leyti svipaðar því sem atvinnurekendur og athafnafólk hefur glímt við frá ómunatíð. Þeir kappkostuðu að nýta fjárfestingu sína sem best til þess að sjá markaðnum fyrir vörum og þjónustu sem eftirspurn var eftir. Ekkert skrátið við það.

Eins og nærri má geta voru uppi meðal þeirra ýmsar kenningar um hvernig skynsamlegast væri að haga framleiðsluþáttum til þess að ná sem bestum árangri í búrekstrinum. Og rétt eins og algengt er enn í dag höfðu framtakssamir bændur mikinn áhuga á að kynna sér sem best allar nýjar hugmyndir. Það leiddi til þess að gefin voru út tímarit þar sem fjallað var um helstu viðfangsefni búrekstrarins og bæði ráðgjafar og sölufólk gat komið nýjungum sínum, vörum og þjónustu á framfæri. Svona heimildir, sem skrifaðar eru beint inn í samtímann, geta veitt ómetanlega innsýn inn í horfna tíma.

Hagfelldur þrælarekstur
Fyrir skemmstu fann ég á bóka-

safni í Bandaríkjunum útdrátt úr bændablaði frá þessum tíma; safn greina frá árunum í kringum 1850. Ásamt áhugaverðum vangaveltum um ræktarland, skepnuhald og þróun markaða var þar vitaskuld að finna ítarlega umfjöllun um hvernig skynsamir bændur gætu náð sem hagkvæmasti nýtingu út úr fjárfestingu sinni í afrískættuðum þrælum. Þrælarnir þóttu vera algjör forsenda þeirrar tegundar landbúnaðar sem stundaður var á þeim slóðum allt frá því að fyrstu þrælaskipin komu árið 1619 og fram að þeim degi þegar þrælahaald var aflagt við lok Þrælastríðsins bandaríska árið 1865. Í næstum 250 ár byggðist hagkerfi Suðurríkja Bandaríkjanna á því að landeigendur mættu eiga manneskjur til nýtingar í rekstri sínum.

Nú til dags er erfitt að ímynda sér samfélag þar sem eignarréttur einstaklings yfir annarri manneskju er álitinn eðlilegur hluti af gangverki hagkerfisins. Hugmyndin sjálf er ógeðsleg. Að manneskjur séu keyptar, seldar, hlekkjadar, barðar til hlýðni, kaghýddar í refsiskyni og þeim ráðstafað eins og viljalausum verkfærum er í huga okkar flestra algjörlega óhugsandi og viðbjóðslegt. En raunveruleikinn er að ekki eru nema tveir mannsaldrar síðan þrælahaald var raunveruleiki milljóna manna í sjálfu „landi frelsisins“.

Engar efasemdir
Þegar horft er aftur til þess tíma þegar landbúnaðartímaritin voru

gefin út í er auðvelt og notalegt að gera sér í hugarlund að á þeim tíma—aðeins einum áratug áður en Þrælastríðið skall á—hafi verið farið að molna verulega undan stuðningi við þá hugmynd að þrælahaald sé á nokkurn hátt eðlilegt ástand. Allir hljóta þá að hafa séð í hvað stefndi. Engir aðrir en rótspilltir gróðafíklar og illmennir gætu hafa látið sér detta í hug eitthvað annað en að tími þrælahaaldsins væri að liða undir lok. Eftir á að hyggja er nefnilega alveg einstaklega auðvelt að spá fyrir um að þrælahaaldið í Suðurríkjunum væri á undanhaldi einmitt á þessum tíma.

Engar slíkar hugsanir eða efasemdir er að finna í skrifum bænda. Þeir skrifa á um eðlilega stærð kofa undir þræla-fjölskyldur, gauka góðum ráðum hver að öðrum um næringu, heilbrigðisgæslu, fangelsun, hýðingar, tónlistarskemmtanir, ástarlíf, vinnuskipulag, klæðnað, borðbúnað, salernisaðstöðu og fleira sem góður bóndi þurfti að gefa gaum ef hann ætlaði sér að hagnast á rekstrinum. Það stingur ekki síst í augu hvernig hið fyrirlitlega og ómanneskjulega fyrirkomulag virðist algjörlega sjálfsagt í hugum þeirra sem um það fjalla.

Ef einhver hefði hermt mannsösku upp á bændurna hefði það án vafa komið þeim algjörlega í opna skjöldu eins og ef saklaus maður væri ásaður um viðbjóðslegan glæp. Og eflaust hefði verið hægt að eiga mjög kurt-

eisileg og vingjarnleg samskipti við þessa ágætu bændur, svo lengi sem enginn asnaðist til að fara að þykjast hafa vit á rekstrinum þeirra.

Afskiptasemi

Bændurnir ráðhollu voru reyndar meðvitaðir um að „fyrir norðan“ væri afskiptasamt fólk með hugmyndir um lífnaðarhætti suðursins. Allt það er hins vegar afskrifað með þjósti. „Það er óumdeild staðreynd að ef komið er fram af alúð við blökkumanninn og honum fengin vídeigandi verkefni og hann frelsaður undan sjálfstæðri hugsun og þeirri ábyrgð sem fylgir því að þurfa að sjá fyrir sjálfum sér þá er hann miklum mun hamingjusamari en ef hann væri leystur undan þrældómi en dæmdur til að hugsa og hegða sér sjálfstætt.“ segir einn bóndinn. Annar pistlahöfundur fer hamförum af fyrirlitningu í garð þeirra sem börðust fyrir afnámi þrælahaalds, og gengur svo langt að segja að „hinar tryllingslegu öfgar“ þeirra séu í raun farnar að gagnast málstað þrælahaaldaranna. Það mátti eflaust ræða málefnalega um þrælahaaldið og lagfæra það, en bara ekki vera með neinar öfgar eins og að gefa fólkinu í hlekkjunum frelsi.

Þetta öfgafólk hefur sennilega verið „góða fólk“ síns tíma; týpur sem myndu drekka soja-latte úr endurvinnanlegum götumálum frá Kaffivest, ferðast um á reiðhjólum eða rafbil og klæðast umhverfis-

hlutlausum veganyfirhöfnum frá Patagonia.

Góða fólkið

En það var samt vandinn við „góða fólkið“ að það gat ekki komist hjá því að njóta góðs af þrælahaaldinu. Ef það mullin og tóbakið lækkaði í verði þá glóddust allir en reiddust ef það hækkaði. Þetta var raunveruleikinn sem óðalsbændurnir voru meðvitaðir um en „góða fólkið“ síður. Kostnaðurinn við ódýra vefnaðarvöru og tóbak var nefnilega ekki allur mældur í dollurum og sentum, heldur líka í blóðinu sem draup af baki þrælanna sem ekki unnu nógu hratt fyrir smekk verkstjóranna.

Frjáls markaður er ein stórkostlegasta uppfinning í hugmynda sögu mannsins en það er ekki fyrr en á síðustu örfáu öldum og áratugum að samilega stór hluti fólks hefur getað notið góðs of honum. Þetta hefur ótrúlegum framförum í lífsgæðum og lífshamingju mannkyns, en samt sem áður er enn til staðar rík tilhneiging til þess að láta það umliðast að þægindi eins séu greidd með þjáningum annars.

Umræða um réttindi launafólks, mansal og aðbúnað starfsmanna alþjóðlegra framleiðslurisa er þess vegna ekki bara málefni sem vinstri menn og „góða fólkið“ ættu að hafa á oddinum. Það er kannski einmitt mikilvægast fyrir fylgismenn markaðsfrelsisins að passa upp á að heilbrigð von til hagnaðar fái ekki að úrkynjast og verða að síðlausri græðgisblindu.

D



Komdu út að ganga á sunnudag!

Sunnudaginn 18. ágúst mun sjálfstæðisfólk um allt land koma saman á tuttugu stöðum á landinu og ganga saman í tilefni af 90 ára afmæli Sjálfstæðisflokksins á þessu ári.

Um að ræða fjölskyldugöngur sem hentar öllum aldursflokkum. Að jafnaði er gengið í hádeginu og á flestum stöðum endar gangan með samverustund, grilli eða kaffisopa.



Á réttri leið

SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN

Mike Pence – aðvörun



Halldór Reynisson
prestur

Hingað til lands er væntanlegur varaförseti Bandaríkjanna, Mike Pence. Hann er enginn afþúsugestur og af ýmsum ástæðum. Fyrir það fyrsta er hann náinn bandamaður þess Bandaríkjaförseta sem harðast hefur gengið gegn siðmenningu og samfélagsskipan vestrænna ríkja sem komið hefur verið á eftir bitra reynslu tveggja heimsstyrjalda.

I annan stað kemur hann á tíma þegar stefna Bandaríkjanna virðist auka úlfúð í heiminum en ekki draga úr – stefna sem gerir bandarísk stjórnvöld að friðarspillum. Eitt birtingarform þess hráskinnaleiks eru framkvæmdir sem bandaríski herinn hyggst hefja á Keflavíkurflugvelli.

Það er samt þriðja ástædan fyrir því að varast ætti að umgangast þennan mann sem ég ætla að gera að umfjöllunarefni hér; sú hættulega blanda íhaldssamra stjórn mála og afturhaldssamrar kristni sem nú ríður húsum í Bandaríkjunum.

Mike Pence kallar sig „Evangelical“ en það eru kirkjur íhaldssamra

hvítu mótmælenda sem mjög eru áberandi í Bandaríkjunum nú um stundir. Hafa þessar kirkjur gengið í vanheilagt hjónaband við sjálfhverfan og barnalegan forseta sem elur á óvild, kynþáttafordómum og er hvorki vinur sannleiks né dygdarinnar. Um 80 af hundræði þessa fólks kusu hann í síðustu forsetakosningum. Margir í þessari hreyfingu eru bókstafstrúar, þó ekki allir.

Í vitund þessara íhaldssömu kristnu manna virtist öllum síðgildum til fórnandi að þeirra maður næði því að verða forseti Bandaríkjanna. Á bak við stendur það menningarstríð sem nú geisar þar vestra. Þessir hópar vilja að íhaldssamir dómara sitji í hæstarétti Bandaríkjanna en til þess að svo megi verða þarf leiðitaman forseta. Að baki er áratuga barátta gegn fóstureyðingum. Sú afstaða er nú skyndilega orðin – að mati þessara íhaldssömu kristnu manna – helsta kennisetning kristinnar, en ekki Gullna reglan eða Kærleiksboðið. Það menningarstríð nær líka í gegnum kirkju- og trúarlíf – til hefur orðið andófhreyfing, „Reclaiming Jesus“, þar sem minnt er á að í kjarna boðskapar Jesú er sáttn og fyrirgefning, ekki hatun og útilokun.

Hreyfing þessarar íhaldskristni hefur færst mjög í aukana síðustu áratugi. Ég minnst lúthersks prests á ráðstefnu sem ég sótti þar vestra



Hreyfing þessarar íhaldskristni hefur færst mjög í aukana síðustu áratugi. Ég minnst lúthersks prests á ráðstefnu sem ég sótti þar vestra fyrir næstum 40 árum þegar ég var þar í námi í blaðamennsku. Sá hafði miklar áhyggjur af uppgangi þessara íhaldssömu hreyfingar í bandarísku kirkjulífi með sinn bókstafskilning og lögmálshyggju. Áhyggjur sem reyndust á rökum reistar.

fyrir næstum 40 árum þegar ég var þar í námi í blaðamennsku. Sá hafði miklar áhyggjur af uppgangi þessara íhaldssömu hreyfingar í bandarísku kirkjulífi með sinn bókstafskilning og lögmálshyggju. Áhyggjur sem reyndust á rökum reistar.

Þessir straumar innan mótmælendakristinnar í Bandaríkjunum hafa litið álit á biblíulegri fræðimennsku en setja í staðinn bók-

stafsskilning sem varð til í Bandaríkjunum á 19. öld. Að einhverju leyti hófst þá þessi þróun á því sem má kalla „amerískan kristindóm“ en einn dálkahöfundur Guardian (sem sjálfur er prestur í ensku biskupakirkjunni) hefur bent á að þar setji menn gjarnan „Ameriku“ á stall en ekki Guð.

Innan þessarar hreyfingar afneita margir loftslagsvá (þvert á orð Frans páfa), aðhyllast margir byssueign (hinnir fyrstu kristnu menn neituðu að gegna herþjónustu í rómverska hernum), gera lítið úr réttindum kvenna og eru á móti samkynhneigðum (samanber kirkjugestinn sem strusaði út úr Hallgrímskirkju um daginn). Þeir virðast engir sérstakir vinir flóttamanna og útlenninga. Sæluböð Krists eiga þarna ekki upp á pallborðið.

Þá hafa orðið til ýmsar skrytnar hugmyndir í hreyfingunni sem yfirleitt eru ekki byggðar á skotheldri fræðimennsku. Mikið er lagt upp úr Ópinberunarbókinni (Lúther vildi helst sleppa henni úr Biblíunni). Trúin verður gjarnan að lögmáli en ekki fagnaðararindi enda er það kennimark allrar bókstafshyggju.

Ein kenningin í hreyfingu íhalds-

samra kristinna manna í Bandaríkjunum hefur verið kölluð kristinn Zionismi. Í þeirri sýn eru atburðir í Mið-Austurlöndum s.s. stofnun Ísraelsríkis tákn um hina síðustu tíma og endurkomu Krists. Íran er t.d. þar í hlutverki hins djöfullega sem reynir að eyða Ísraelsríki þvert á vilja Guðs. Þess vegna styður þessi hreyfing allar gerðir Ísraelsríkis en hunsar málstað Palestínumanna og það þótt margir þeirra séu kristnir. Að einhverju leyti skýrir þetta fjandskap Bandaríkjanna við Íran nú um stundir.

Tveir áhrifamenn í bandarísku stjórnkerfi sem hafa verið flokkaðir sem kristnir Zionistar eru Mike Pence varaförseti og utanríkisráðherrann Mike Pompeo.

Hér er um að ræða eittraða blöndu stjórnmála og þokukennndra trúarhugmynda sem þegar hefur haft áhrif til hins verra í Mið-Austurlöndum.

Því ber að vara við að íslensk stjórnvöld leggi lag sitt við fólk sem aðhyllist slíka hugmyndafræði.

Í lokin má minna á ljóð Jóns Helgasonar prófessors um þessa áratúu að nudda sér utan í Krist á fólkskum forsendum:

EF ALLT þetta fólk fær í gullsöllum himnanna gist sem gerir sér mat úr að nudda sér utan í Krist, þá hlýtur sú spurning að vakna hvort mikils sé misst ef maður að síðustu lendir í annarri vist.

Til áréttingar



Kári Stefánsson
forstjóri deCODE

Vegna athugasemdar sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudaginn.

Sú staðreynd að lén nokkurt sem hýsir heimasíðu sem er notuð til þess að kanna hug flokksbundinna Sjálfstæðismanna til þriðja orkupakkans var skræð á tölvupóstfang tengt Íslenskri erfðagreiningu var slys. Pósthafið tilheyrir starfsmanni fyrirtækisins sem áttaði sig ekki á því að það væri rangt að tengja það heimasíðunni. Fyrirtækið, Íslensk erfðagreining, tekur ekki afstöðu til pólitískra deilumála í íslensku samfélagi þótt það hafi lagt töluvert af mörkum til þess að hlúa að íslensku samfélagi, til dæmis með því að gefa Landspítalanum tvö dýr tæki, lána honum það þriðja og raðgreina erfðamengi fyrir spítalann honum að kostnaðarlausu. Það sem ruglaði menn sjálfsagt í ríminu er að íslensk erfðagreining hefur lánað Orkunni okkar sem eru samtök andstæðinga orkupakkans sal til að funda í. Í því felst heldur enginn stuðningur við málstað. Fyrirtækið hefur lánað sama sal ókeypis fólki úr öllum stjórnmalaflokkum sem hafa beðið um hann sem og alls konar félagsmatökum. Með því hefur fyrirtækið lagt af mörkum til fjölbreytni í íslensku samfélagi. Ég vil líka leggja áherslu á að í tölvupóstfanginu endurspeglast ekki persónuleg afstaða mín í þessu máli enda væri það skringilegt af gömlum sósíalista að tjá hana með því að reyna að hafa áhrif á hegðun manna meðan þeir eru í Sjálfstæðisflokkum. Ég væri hins vegar reiðubúinn til þess að leggja mikið á mig til þess að þróa lyf sem hjálpaði mönnum að ná áttum og ganga úr flokknum.

Óþarfar áhyggjur af þriðja orkupakkannum



Margrét Einarsdóttir
dósent, laga-deild Háskólans í Reykjavík



Bjarni Már Magnússon
prófessor, laga-deild Háskólans í Reykjavík

Mikið hefur verið rætt og ritað um þriðja orkupakkann að undanfórnu. Óumdeilt er að þriðji orkupakkinn felur ekki sér skyldu fyrir íslenska ríkið að leggja sæstreng. Á hinn bóginn hafa sumir áhyggjur af því að ef íslenska ríkið synjar einstaklingum eða lögaðilum frá Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um að leggja sæstreng frá Íslandi til annars aðildarríkis EES muni það hafa í för með sér að samningsbrotamál verði höfðað gegn íslenska ríkinu af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess sem íslenska ríkið verði dæmt skaðabótaskyld.

Engin lagaákvæði til staðar

Þessar áhyggjur byggja á því að ákvæði í þriðja orkupakkannum leggi þær skyldur á herðar íslenska ríkinu að heimila einstaklingum eða lögaðilum frá EES-svæðinu að leggja sæstreng. Þeir sem ritað hafa um málið hafa þó átt í erfiðleikum með að benda á tiltekin ákvæði orkupakkans sem fela í sér umrædda skyldu. Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur þó vísað til 5. tölulíðar aðfararorðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009, máli sínu til stuðnings. Þar segir:

„Aðildarríkin skulu vinna náið saman og fjarlægja hindranir í vegi viðskipta með raforku og jarðgás yfir landamæri í því skyni að ná fram markmiðum Bandalagsins á sviði orku.“

Í Evrópu- og EES-rétti er markmiðsskýringu mikið beitt við túlkun lagaákvæða. Eftir sem áður fá höfundar ekki séð að unnt sé að lesa út úr þessum orðum skyldu íslenska ríkisins til að heimila einstaklingum og lögaðilum að leggja sæstreng, enda er það hvorki ámalgað skýrlega í umræddum aðfararorðum né nokkurs staðar í lagatexta tilskipunarinnar. Enn fremur er mikilvægt að hafa í huga að hér er um að ræða aðfararorð en ekki ákvæði reglugerðarinnar sjálf, en aðfararorð hafa ekki lagagildi.

Í nafnlausum skrifum á vefnum heimsmynd.net er því haldið fram að það leiði af a. og b. lið 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 að á íslenska ríkinu hvíli skylda til að heimila lagningu sæstrengs. Í ákvæðinu segir:

„Markmiðið með þessari reglugerð er að:

- setja sanngjarnar reglur um raforkuviðskipti yfir landamæri og auka þannig samkeppni á innri markaðinum með raforku að teknu tilliti til sérkenna landsbundinna markaða og svæðismarkaða. Þetta felur í sér að komið verði á fyrirkomulagi vegna jöfnunargreiðslna fyrir raforkuflæði yfir landamæri og að settar verði samræmdar meginreglur um gjöld vegna flutnings yfir landamæri og úthlutun tiltækra flutningsgetu samtengilína milli landsbundinna flutningskerfa,
- að auðvelda tilkomu vel starfandi og gagnsæs heildsólumarkaðar með miklu afhendingaröryggi raforku. Hún kveður á um fyrirkomulag til að samræma reglur um raforkuviðskipti yfir landamæri.“

Af ákvæðinu leiðir að markmið reglugerðarinnar er að setja sanngjarnar reglur um raforkuviðskipti yfir landamæri enda fara fram raforkuviðskipti yfir landamæri innan vebanda Evrópusambandsins (ESB). Er því eðlilegt að ESB setji lög um hvernig þeim viðskiptum sé háttáð. Ákvæðið leggur aftur á móti ekki neina skyldu á ríki sem ekki eru þátt-



Af fullveldisrétti ríkja leiðir að þau ráða hvort lagður er sæstrengur inn fyrir landhelgi þess eða ekki. Ákvörðunin um hvort leggja megi eða leggja eigi sæstreng frá Íslandi til aðildarríkis EES mun því áfram verða á forræði Alþingis Íslendinga þó að þriðji orkupakkinn verði innleiddur í íslenskan rétt.

takendur í innri raforkumarkaðnum til þess að taka í þátt í honum. Fá höfundar ekki af þeim sökum séð að í ofangreindu ákvæði felist skylda íslenska ríkisins til að heimila lagningu sæstrengs.

Dómar byggjast á lögum

Þá hefur verið vísað til þess með almennum orðum að ESB vilji koma á innri markaði með raforku og að sá vilji sambandsins feli í sér einhvers konar skyldu fyrir íslenska ríkið. Það er hins vegar svo í réttarríkjum að dómar eru byggðir á lögum og verða hvorki lagðar skyldur á einstaklinga, lögaðila eða ríki, né þeim veitt lögvarin réttindi, án þess að kveðið sé á um slíkt í lögum eða alþjóðasamningum.

Einnig hefur verið gefið í skyn að það að synja einstaklingum eða

lögaðilum um leyfi til að leggja sæstreng verði talið brot gegn 11. og 12. gr. meginmáls EES-samningsins, en ákvæðin útlísta bann við hindrunum á frjálsu flæði vöru. Ekki hefur verið vísað til neinna dóma Evrópu-eða EFTA-dómstólsins þessu til stuðnings, enda er þeim ekki til að dreifa. Fyrir hendi er áratuga löng dómáframkvæmd um hvernig túlka beri ofangreind ákvæði og verður að teljast nokkuð langsótt að EFTA-dómstóllinn myndi víkja frá þeirri dómáframkvæmd og túlka ákvæðin með þeim hætti að þau fælu í sér jákvæða skyldu fyrir íslenska ríkið að heimila lagningu sæstrengs til Evrópu. Enn fremur hafa ofangreind ákvæði verið í EES-samningnum frá gildistöku hans og munu standa áfram, óháð afdrifum þriðja orkupakkans.

Á forræði íslenskra stjórnvalda

Samkvæmt framansögðu er ljóst að í þriðja orkupakkannum er ekki að finna nein lagaákvæði sem leggja þá skyldu á herðar íslenska ríkinu að heimila einstaklingum eða lögaðilum að leggja sæstreng frá Íslandi til annars aðildarríkis EES. Af fullveldisrétti ríkja leiðir að þau ráða hvort lagður er sæstrengur inn fyrir landhelgi þeirra eða ekki. Ákvörðunin um hvort leggja megi eða leggja eigi sæstreng frá Íslandi til aðildarríkis EES mun því áfram verða á forræði Alþingis Íslendinga þó að þriðji orkupakkinn verði innleiddur í íslenskan rétt. Áhyggjur af öðru eru óþarfar.



RAFMAGNAÐIR
AKSTURSEIGINLEIKAR
CR-V HYBRID



Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:
Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA



Meira Íslenskt

NÝ UPPSKERA
AF ÍSLENSKU GRÆNMETI



Tilboð gilda út 31. mars



Blómkál

699 kr/kg



Agúrkur

249 kr/stk



Hornafjarðar kartöflur 1 kg

449 kr/pk



Hnúðkál

399 kr/kg



Paprika

1.099 kr/kg



Gulrætur 500g

519 kr/kg



Grænkál 150g

339 kr/pk



Spergilkál

699 kr/kg



Kínakál

549 kr/kg



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

15%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ



Íslandssósar eru frábærar
með helgarsteikinni

Verð frá **479** kr/stk

Holka
KJUKLINGUR

Heill kjúklingur

790 kr/kg

Verð áður 929 kr/kg



Strong Roots
Hvítlauksristaðar
sætar kartöflur

749 kr/pk



15%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ

Kjúklingabringur

2.124 kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg



15%
afsláttur

Íslenskar ungnautalundir

6.204 kr/kg

Verð áður 7.299 kr/kg



25%
afsláttur

Íslenskt ungnauta file

4.424 kr/kg

Verð áður 5.899 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga



Brown yfirgaf lið Pittsburgh Steelers í fússi í sumar níu árum eftir að Steelers valdi hann með 195. valrétt í nýliðavalinu árið 2010. NORDICPHOTOS/GETTY

Þungur baggi sem fylgir þeim besta

Antonio Brown, einn besti útherji NFL-deildarinnar, er að reynast nýjum vinnuveitendum erfiður, bæði innan vallar vegna meiðsla og utan vallar þar sem þeir hafa kært hann á innan við einu ári.

NFL Þegar þrjár vikur eru í að 100. tímabil NFL-deildarinnar hefst er ein skærasta stjarna deildarinnar á forsiðum blaðanna af röngum ástæðum. Útherjinn Antonio Brown, sem var skipt frá Pittsburgh Steelers yfir til Oakland Raiders fyrr á árinu, hefur brotið reglur nýja félagsins og hótað deildinni að hann hætti ef ekki verður orðið við kröfum hans auk þess að komast í kast við lögin undanfarna tólf mánuði.

Þegar skipti Browns yfir í Raiders frá Steelers gengu í gegn þóttu það kjarakaup hjá núverandi vinnuveitendum sem virðast vera að kynna öllum þeim vandræðum sem fylgja honum þessa dagana. Hann hefur ekki farið leynt með óbeit sína á fyrrverandi liðsfélögum sínum og starfsfólki hjá Pittsburgh Steelers sem endurspegladist best í því þegar hann gaf ekki kost á sér í lokaleik tímabilsins í fyrra. Brown virðist því vera búinn að brenna allar brýr að baki sér í Pittsburgh.

Það efast enginn um hæfileikana sem Brown býr yfir en efasemdir annarra hafa drifið hann áfram frá fyrsta degi innan deildarinnar. Brown féll niður í sjöttu umferð

» Brown er með flestar sendingar gripnar (821), flesta jarda (11.400) og flest snertimörk (74) í deildinni undanfarnin átta ár.

nýliðavalsins í NFL-deildinni og var valinn með 195. valrétt fyrir níu árum. Eftir að hafa lítið komið við sögu á fyrsta ári sínu innan deildarinnar greip hann tækifærið á því næsta og hefur verið besti útherji deildarinnar undanfarnin sex ár.

Tvívegis hefur hann verið sá útherji sem er með flesta jarda yfir tímabilið og í fyrra var enginn sem greip fleiri snertimarkssendingar en Brown þrátt fyrir að hann sé yfirleitt með besta varnarmann andstæðinganna á sinni vakt.

Brown sem er litríkur karakter mætti með látum í æfingabúðir Raiders því að hann mætti á loftbelg á fyrstu æfingar liðsins en fljótlega fóru vandræðin að skjóta upp kollinum. Hann hefur þótt ófagmann-



Antonio Brown er tilfinningaríkur inni á vellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

legur á æfingum, sýnir litla athygli á fundum liðsins og mætir iðulega seint.

Brown gat lítið æft eftir að hafa gleymt að klæðast videigandi fatnaði í lághitameðferð (e. cryotherapy) sem hann fór í án þess að láta félagið vita þar sem notast er við sérstakan frystiklefa til að auðvelda endurhæfingu. Brown gat því ekki hlaupið í byrjun æfingabúðanna vegna kalsára á fótunum. Stuttu seinna fór Brown að hætta að mæta á æfingar þar sem félagið leyfði honum ekki að koma með sinn eigin hjálm á æfingar.

Deildin breytti nýlega reglum um hjálma til að bæta öryggi leikmannanna sem Brown segir að skerði sjón sína. Brown er ekki sá eini sem hefur kvartað, leikstjórnendurnir Tom Brady og Aaron Rodgers þurfa einnig að skipta um hjálm en Brown virtist ekki tilbúinn að aðlagast því.

Sjálfur reyndi Brown að líma til gamla hjálminn sinn í von um að fá að notast við hann án árangurs eftir margar tilraunir til að smygla gamla hjálmnum inn á völlinn sem endaði með því að hann fór í verkfall og hætti að mæta á æfingar.

Stuttu seinna hótaði Brown að hætta í deildinni og reyndi án árangurs að fara með málið fyrir dómstóla eftir að forráðamenn deildarinnar funduðu með Brown og útskýrðu fyrir honum að reglunum yrði ekki haggð. Það leiddi til þess að Brown fór á Twitter og bað fylgjendur sína um hjálp við að finna sérstakan hjálm sem deildin samþykkti að hann myndi fá að nota.

Þá hefur Brown einnig ratað á síður fjölmiðlanna vegna vandræða utan vallar. Honum tókst í vor að fá mál gegn sér niðurfellt gegn greiðslu eftir að hann henti húsgögnum niður af fjórtánu hæð í íbúð sinni í Miami síðasta vor þar sem litlu mátti muna að húsgögnin lentu á ungun dreng.

Þá steig kokkur fram á dögnum og lýsti yfir því að Brown skuldaði honum um fimm milljónir íslenskra króna fyrir þjónustu sem Brown þáði á síðasta ári, stuttu eftir að þjálfari kærði hann fyrir að hafa neitað að greiða honum um milljón íslenskra króna fyrir æfingabúðir í apríl síðastliðnum.

kristinnpall@frettabladid.is



Adrian með bikarinn. Hann hefur óvænt þurft að standa vaktina.

Adridan og óvæntar hetjur

FÓTBOLTI Spánverjinn Adrian hefur átt ansi klinkkaða viku og lyfti sínum fyrsta bikar í Istanbul. Hann er þó ekki fyrsti maðurinn til að stíga á stóra sviðið og láta að sér kveða vegna meiðsla annarra. Hér eru nokkur dæmi.



Ryan Bertrand Chelsea 2012

Án fjölmargra lykilmanna fór Chelsea í varaliðið og sótti Ryan Bertrand og setti hann á miðjuna. Hann er eini maðurinn sem hefur þeytt frumraun sína í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. En hann var frábær og Chelsea hrósaði sigri.



John McGinlay Bolton 1996

Markvörður Bolton, Keith Branagan, var rekinn út af og sóknarmaðurinn John McGinlay skellti sér í rammann síðustu 26 mínúturnar. Hann varði eins og berserkur. Hvað sem gestirnir frá Reading reyndu sá McGinlay við þeim.



Christopher Wreh Arsenal 1999

Ian Wright og Dennis Bergkamp voru meiddir og því þurfti að leita í unglingsliðið. Upp kom Wreh og sá klinkkaði ekki. Skoraði þrjú sigurmörk gegn Bolton, Wimbledon og Úlfunum í bikarum. Eftir þessar vikur var þó lítið að fréttu.



Les Sealy Man. Utd. 1990

Fyrsti bikar Alex Ferguson kom gegn Crystal Palace í bikarum. Fergie hafði Jim Leighton yfirleitt í markinu en setti varamarkvörðinn Sealy í rammann í síðari bikarúrslitaleikum þar sem Sealy var stórkostlegur og tryggði sigurinn.

LEIÐ

FÖSTUDAGUR 16. ÁGÚST 2019

Lífsstíll



Nú eru grænmetisborð verslana að fyllast af nýju íslensku grænmeti og þá er ekki úr vegi að útbúa eitthvað gott í matinn. Einnig eru margir að rækta grænmeti heima eða í skólagörðum. ➔4



Dragið bjargaði lífi mínu

Kamila Zaleska er konan á bak við dragdrottninguna Gala Noir sem er nýkrýnd dragdrottning Íslands. Kamila er alveg ný í dragheiminum. Hún kom fram í dragi í fimmta skipti þegar hún tók þátt í keppninni. Kamila kemur frá Póllandi þar sem umburðarlyndi fyrir hinsegin fólki er lítið. ➔2

Kamila heillaðist af dragi eftir að vinkona hennar tók hana með sér á dragsýningu á Gauknum. MYND/LISA GEYERSBACH



Lean On Me Fatahengi kr. 45.400



The Reader Wing Chair kr. 199.800 / My Spot table kr. 36.200 / A Conversation Piece Lounge Chair kr. 159.800

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Það vekur athygli að Kamila er kona, en þegar fólk hugsar um dragdrottningar sjá flestir fyrir sér karlmann að leika konu. Kamila segir að það þurfi alls ekki að vera þannig. Hún útskýrir að kvendragdrottningar, eða bio-queens eins og þær kallast í dragheiminum, séu auðvitað ekki eins og karlmenn sem stunda drag. Fólk sé vant að sjá konu í háum hælum og kjól en fyrir karlmenn getur verið erfiðara að stíga þetta skref. „En þó við séum ekki eins þá erum við jöfn. Fyrir mér er drag meira en hárkolla, kjóll og gerviaughár. Drag er listform sem snýst um að skapa aðra persónu. Persónu sem þú vilt vera eða persónu sem kemur einhverju á framfæri fyrir þig. Drag snýst um sköpun, tilfinningar og fegurð.“

Vinkona Kamilu fór með henni á Gaukinn þar sem hún sá drag-sýningu í fyrsta sinn. Kamila féll alveg fyrir því sem hún sá og hugsaði strax að hún vildi verða hluti af þessu samfélagi. Það hvarflaði aldrei að henni að kona gæti ekki orðið dragdrottning. „Ég sá dragmóður mína Lola von Heart á sviði og sá hversu öflugur konur í dragi geta verið. Ég vildi verða ein þeirra.“

Eitt af því sem mér finnst fallegast við dragið er að þegar ég fer upp á svið klædd sem önnur manneskja þá get ég sýnt hvað býr innra með mér. Ég er ekki hrædd lengur. Það má alveg segja að ég sé með grímu. Maður þarf alltaf að vera með einhverja grímu. Allir gera það. Ég og þú erum til dæmis með grímu núna. Við erum ekki eins og við séum heima hjá okkur,“ segir Kamila.

„Þegar við förum upp á svið og sýnum viðkvæmar tilfinningar, þá veitir gríman öryggi. Þú ert kannski í gervi, en tilfinningarnar eru sannar. Mér finnst þetta eitt það áhugaverðasta við dragið.“

Hafði tvær vikur til að undirbúa atriðið fyrir keppnina

Þar sem Kamila er frekar ný í dragheiminum var það alls ekki á dagskrá hjá henni að taka þátt í Dragkeppni Íslands. „Ég hafði bara komið fram fjórum sinnum áður og fannst ég ekki geta keppt á móti öllum þessum stórkostlegu drottningum. Mér fannst ég ekki nógu góð,“ segir hún.

En Gógó Starr, sem stóð að skipulagningu keppninnar og bar titilinn áður en Kamila tók við honum, hvatti hana til að taka þátt. Það endaði með því að Kamila sló til.

„Ég hafði bara tvær vikur til

Þegar ég fer upp á svið klædd sem önnur manneskja þá get ég sýnt hvað í mér býr. Ég er ekki hrædd lengur

Kamila Zaleska

að undirbúa mig. Á þessum tíma var allt líf mitt og íbúðin mín líka gjörsamlega í rúst en einhvern veginn tókst mér þetta. Ég man eftir augnablikinu sem ég stóð á sviðinu og sýndi fyrsta atriðið mitt. Ég horfði á áhorfendurna og fann hvernig ég tengdist þeim og hvernig þeir gáfu mér orku. Þá hugsaði ég: Þetta er það sem ég vil gera. Mér fannst ég vera á lífi.“

Kamila átti alls ekki von á því að vinna keppnina og var mjög hissa þegar hún var kynnt sem dragdrottning Íslands. „Ég man að ég heyrði sagt: Dragdrottning Íslands er Gala... og ég hugsaði bara, hver? Og horfði á hina keppendurna. Svo heyrði ég... Noir. Ég horfði ennþá á hin sem horfðu öll á mig. Þá áttaði ég mig á að það var ég. Ég var svo hissa, ég trúir þessu ekki ennþá,“ segir Kamila og hlær.

Hún tekur fram að í hennar huga sé Gógó Starr samt alltaf drottningin, sama hver fær kórónuna. „Hún gaf mér þetta frábæra tækifæri til að byrja í dragi og hjálpaði mér svo mikið.“

Kamila kom fyrst fram í dragi á Drag Lab kvöldi á Gauknum. Drag Lab er hugsað sem tækifæri fyrir byrjendur í dragi til að koma fram og fá uppbyggilega gagnrýni á frammistöðuna. Dragsúgur eru aftur á móti sýningar þar sem reyndir draglistamenn koma fram. Kamila kom fram í annað sinn með Dragsúgi á miðvikudagskvöldið og vonandi verður hægt að sjá hana þar oft í framtíðinni.

„Mér finnst keppnin hafa opnað fyrir mér margar dyr. Ég er alveg ný í þessu samfélagi. Ég kem frá Póllandi þar sem dragdrottningar eru almennt ekki samþykktar. Landið mitt er mér mjög mikilvægt og ég er stolt af því að vera pólsk dragdrottning á Íslandi og fyrsta kvenkyns dragdrottningin sem vinnur keppnina,“ segir Kamila.

Getur verið hættulegt að vera dragdrottning í Póllandi

Í einu atriði sinna í dragkeppninni dansaði Kamila við pólskt ættjarðarlag klædd búningi í pólsku þjóðarlitunum. Á meðan rúllaði myndband fyrir aftan hana af Pride-göngu í Póllandi. „Gangan lítur út eins og bardagi. Lögreglan er alls staðar og fullt af fólki í bolum sem stendur á Her Guðs.“



Dragdrottning og dragkóngur Íslands 2019. MYND/JULIETTE ROWLAND

Mér finnst þetta svo sorglegt fyrir Pólland. Svona á þetta ekki að vera. Ég vildi að ég gæti gert eitthvað til að breyta þessu,“ segir Kamila.

Hún segir að það geti beinlínis verið hættulegt að vera dragdrottning í Póllandi. Þær geta orðið fyrir árásum. „Dragdrottningar stríða gegn kaþólskri trú sem er sterk í Póllandi, að klæðast dragi úti á götu brýtur í bága við það sem fólk telur vera gott og rétt,“ segir Kamila. „En hinsegin

samfélagið á ekki að þurfa að vera í stríði. Við eigum ekki að þurfa að berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Það eru sjálfsögð mannréttindi að fá að elska þá sem maður vill og gera það sem maður vill, svo framarlega sem það skadar ekki aðra.“

Jafnvel fjölskylda Kamilu hefur sagt henni að þau sætti sig við að hún komi fram í dragi en þau sætti sig ekki við samfélag hinsegin fólks. „En ég er hluti af því samfélagi. Ég kem fram í nafni þess.“

Kamila segir drag snúast um að skapa persónu. MYND/MONIKA KONAR-ZEWSKA

Mér finnst svo leiðinlegt að Pólverjar séu svona þröngsýnir vegna trúar sinnar. Að vera samkynhneigður er ein stærsta synd sem þú getur drýgt þar. Ég hef meira að segja fengið bréf frá vinkonu minni með bæn sem átti að hrekja burt úr mér samkynhneigða djöfulinn. Þú afsakar en mér finnst það bara fáránlegt. Fólk hugsar einfaldlega ekki um hvað myndi gerast ef samkynhneigðir fengju sömu réttindi og gagnkynhneigðir í Póllandi. Fólk segir bara að samkynhneigð sé slæm og dregur það ekkert í efa,“ segir Kamila.

„Ég var þess vegna mjög hissa þegar ég kom til Íslands og fór í gleðigönguna. Allir voru svo hamingjusamir. Það voru engin slagsmál og fullt af fólki kom og horfði á. Dragdrottningarnar voru svo flottar og ég heillaðist af öllum litunum. Ég hugsaði með mér: Hér er land þar sem hægt er að vera sú sem þú vilt. Það skiptir ekki máli hvernig þú lítur út eða hvern þú elskar. Þú getur verið þú sjálf. Íslendingar eru mjög opnir í þessum málefnum og sýna skilning sem er ekki hægt að finna annars staðar.“

Hún bætir að lokum við að dragið hafi í raun bjargað lífi hennar. „Ég átti oft erfitt áður. Mér fannst ég ekki geta verið ég sjálf. En nú er ég tvær persónur. Gala og Kamila. Gala er þessi sem vill láta sjá sig og er kynþokkafull og munúðarfull. Kamila sér um allt annað.“

Santen



ERTU MEÐ AUGNÞURRKA?

Hyprosan augndropar – við augnþurrki

- Án rotvarnarefnis
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Stytt samantekt á eiginleikum lyfs

Heiti lyfs: Hyprosan 3,2 mg/ml augndropar, lausn. Einn ml af lausn inniheldur 3,2 mg af hypromellose. Lyfjaform: Augndropar, lausn. Tær, litlaus lausn. Ábendingar: Gervitár til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Markaðsleyfishafi: Santen Oy.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskrá.is Júlí 2019

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Boas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Arnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf



Ertu tilbúin?
Við tökum vel á móti þér!
Haustnámskeið JSB eru að hefjast

TT-námskeiðin Frá toppi til táar

Námskeiðin eru sniðin að þörfum kvenna sem vilja losna úr vítahring óheppilegs lífsstíls og „fá sjálfar sig til baka“. Núna geturðu reiknað með meiri árangri fyrir minna verð! Kynntu þér nýja hvatningarkerfið okkar sem sló svo rækilega í gegn í fyrra.
Morguntímar: mán, mið, og fös kl. 6:15 - 7:20 - 10:30
Eftirmiðdagstímar: mán, mið og fim kl. 14:20 - 16:40 - 17:40

FIT Form 60+ og 70+

Námskeiðin byggjast á sérvaldri og fjölbreytilegri þjálfun sem eflir styrk, þol, liðleika og jafnvægisskyn. Sækjum fram á hvaða aldri sem er og njótum tímans sem fer í hönd.
Tímar: Fit Form 60+ mán, mið og fös kl. 9:30
og á þri og fim kl. 10:30. Fit Form 70+ þri og fim kl. 9:30

Mótun BM

Árangursríkir 40 mín tímar. Byggjast á sérhönnuðu, heildrænu þjálfunarkerfi sem eflir styrk og liðleika á vaxtarmótandi hátt.
Tímar: mán og mið kl. 16:50

Nýtt! Topp Form

Námskeiðin eru fyrir þær sem vilja krefjandi lokaða tíma með skýrum þjálfunarmarkmiðum. Stuðla að þínum besta árangri og eru alveg tilvalin eftir TT.
Tímar: þri og fim kl 6:15 og 16:30 og mán og mið kl. 18:40

Opnir tímar: 1-2-3 æfingakerfið

Lítill tími fyrir ræktina? Opnu tímarnir okkar eru sniðnir að þörfum þeirra sem eru oft í tímaþröng og vilja fá markvissa, öflugna þjálfun í styttri lotum. Þjóðum 30 mínútna tíma í samfelldri röð sem hægt er að nýta sér að vild.
Tímar: mán til fös kl. 6:30, 7:00, 7:30 og 8:00 – 11:30, 12:00, 12:30 – 16:30, 17:00, 17:30

Nýtt! Yoga

Tímar: 60 mín. opnir tímar á þri og fim kl. 17:00

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Ný uppskera komin á disk

Íslenskt grænmeti er komið í verslanir heldur fyrr en oft áður. Svo eru mjög margir sem rækta eigið grænmeti í heimagörðum. Hér eru hugmyndir um hvernig hægt er að nota nýtt grænmeti.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Nýtt kál er ótrúlega gott og margt hægt að matbúa með því. Hvernig væri að gera grænmetislasagna eða heimalagaðar kjötbollar með káljafningi? Þegar maður gerir grænmetislasagna má bæta í það ýmsu sem til er, líkt og tómötum, blómáli eða spergilkáli, allt eftir smekk.

Grænmetislasagna með spinati

Mjög gott lasagna án kjöts. Bragðmikið og finasta uppskrift til að nota sumaruppskeruna. Uppskriftnin ætti að duga átta manns en einnig má nota afganga í nesti.

400 g spinat
300 g grænkál
500 g sveppir
400 g ricottaostur eða kotasæla
3 dl sýrður rjómi, 35%
½ dl mjólk
½ pottur fersk basilika
1 msk. ferskt timian
½ tsk. chilli-flögur
Rifinn ostur
50 g rifinn parmesanostur
1 l tómatsósa, til dæmis marinara sem fæst tilbúin
12 lasagnablöð

Skolið spinatið og fjarlægjið grófustu stilkana. Setjið í sjóðandi vatn í smástund en kælið síðan. Fjarlægjið einnig grófu stilkana af grænkálinu og sjóðið það smástund í sama vatninu og spinatið í 2-3 mínútur. Kælið í köldu vatni.

Þerrið kálið með eldhúspappír og skerið það gróft niður.

Skerið sveppina í sneiðar og steikið þá á þurri pönnu með salti og pipar. Fyrst á háum hita en lækkið síðan niður. Setjið til hlíðar.

Blandið saman ricotta, sýrðum rjóma, smátt skornum ferskum kryddjurtum og chilli-flögum. Bragðbætið með salti og pipar.

Smyrjið eldfast fat með olíu og dreifið þunnu lagi af marinara-sósu yfir. Leggið lasagnablöturnar yfir sósuna. Setjið ricottablönduna þar ofan á, síðan tóm-



Grænmetislasagna er gott fyrir alla, ekki bara þá sem eru grænkerar.



Heimagerðar kjötbollar með brúnni sósu og sultu eru herramannsmatur. Ekki er verra að hafa káljafning líka með líkt og amma gerði í gamla daga.

sósu og loks spinat og grænkál í jöfnu lagi. Þá er helmingnum af sveppunum dreift yfir. Aftur eru lasagnablöð lögð yfir allt fatið og byrjað upp á nýtt. Í lokin ættu að vera þrjú lög af lasagnaplötum og í lokin er sett tómatsósa og mikið af rifnum osti.

Setjið formið í 200°C heitan ofn og bakið í 40 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrúnn og lasagnað farið að krauma.

Það má bera lasagna fram með góðu brauði og hrásalati.

Gott hrásalat með lasagna

Þetta hrásalat hentar vel með bæði kjöti og fiski. Það er til dæmis mjög gott með svínarífjum eða grilluðu svínakjöti.

½ hvítkálshaus
1 msk. salt
2 gulrætur
3 dl sýrður rjómi
½ hvítlauksrif, rífið
1 tsk. hunang

Heimalagað hrásalat úr nýju íslensku grænmeti.

2 msk. jómfurárolífuolía
2 vorlaukar, smátt skornir
4 msk. blaðsteinselja, smátt skornir
1 msk. sítrónusafi
2 dropar tabasco-sósa
Salt og pipar

Skolið grænmetið og og skerið hvítkálið smátt, gjarnan með mandólíni eða ostaskera. Saltið og látið standa í 30 mínútur. Skolið kálið undir rennandi vatni og þerrið. Rífið gulrót með grófu rífjárn.

Blandið saman sýrðum rjóma, hvítlauk, hunangi, olíu vorlauk og steinselju í skál. Bragðbætið með sítrónusafa, tabasco, salti og pipar.

Blandið síðan kálinu og gulrótunum saman við.

Heimagerðar kjötbollar með káljafningi

Þetta er svona týpískur ömmumatur sem margir kannast við. Þegar nýtt hvítkál eða grænkál kom á haustin var jafnan búinn til jafningur. Káljafningur er mjög góður með steiktum kjötbollum. Þessi uppskrift ætti að duga fjórum.

400 g kjöthakk, hægt að nota það sem fólki finnst best
1 tsk. salt
¼ tsk. pipar
¼ tsk. múskat
¼ tsk. engifer
2 msk. kartöflumjöl
1½ dl vatn eða mjólk

Setjið allt í matvinnsluvél og hakkið þar til úr verður mjúkt kjötfars. Mótið bollur með mat-skeið og steikið í olíu og smjöri.

Brún sósa
4 msk. smjör
4 msk. hveiti
1 lítri kjötkraftur

Takið bollurnar frá meðan sósan er gerð. Setjið smjörið á pönnuna og síðan hveitið. Bakið upp með kjötkraftinum og bragðbætið með salti og pipar. Látið sósuna malla í 10-15 mínútur. Setjið bollurnar þá aftur í sósuna.

Káljafningur
700 g hvítkál
1 lítri vatn
2 tsk. smjör
4 msk. hveiti
4½ dl soð frá kálinu
2 dl mjólk
¼ tsk. múskat

Setjið kálið í sjóðandi saltað vatn. Látið sjóða í um það bil 15 mínútur eða þangað til kálið er orðið mjúkt. Bræðið smjör í öðrum potti og síðan hveiti. Bætið soðinu af kálinu saman við ásamt mjólkinni og bakið upp jafninginn. Bragðbætið með múskati, salti og pipar eða eftir smekk. Í lokin er kálið sett út í jafninginn.

Kjötbollurnar eru bornar fram í brúnu sósunni með nýjum kartöflum, káljafningi og rabarbarasultu. Ekta ömmumatur.

FYRIRTÆKJAFÞJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 21. ágúst.

Í þessu blaði geta fyrirtæki eða einstaklingar kynnt sína þjónustu í formi kynningar eða með hefðbundinni auglýsingu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Haustrveiði

FÖSTUDAGUR 16. ÁGÚST 2019



Tommi Za og Grétar Mar eru með áratugareynslu af hvers kyns skotveiði. Þeir taka vel og fagmannlega á móti viðskiptavinum í Veiðihorninu í Síðumúla. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Veiðihornið bryddar upp á spennandi nýjungum

Það eru spennandi nýjungar í boði hjá Veiðihorninu í ár. Nú er boðið upp á fimm ára ábyrgð á vinsælu haglabyssunum frá Stoeger og það er ekkert skráningargjald á nýjum byssum. ➔2



Í Veidihorninu er hægt að fá alls kyns gagnlegan veiðibúnað sem getur gert langar og erfiðar veiðiferðir bæði auðveldari og árangursríkari. Þá verða þær líka skemmtilegri.

Framhald af forsiðu →

Veiðihornið í Síðumúla 8 er rötgróin verslun sem býður upp á mikið úrval af veiðibúnaði fyrir skot- og stangveiðimenn.

„Helstu merkin í veiðirifflum eru japönsku Howa-rifflarnir og Remington-rifflarnir frá Bandaríkjunum, en Remington er yfir 200 ára gamalt fyrirtæki,“ segir Ólafur Vigfússon, eigandi Veidihornsins. „Veiðihornið á líka mikið úrval af gerðum og hlaupviddum af rifflum frá þessum tveim virtu framleiðendum á lager.“

Í haglabyssum eru stærstu merkin Remington, Stoeger, Benelli, Franchi, Escort og Beretta,“ segir Ólafur. „Það er bæði svo mikið úrval og verðbreidd hjá okkur að allir geta fundið sér nýja veiðibyssu við hæfi.“

Fimm ára ábyrgð á Stoeger

„Árum saman hafa vinsælustu haglabyssurnar hjá okkur verið Stoeger, en þær eru framleiddar í verksmiðju Beretta í Tyrklandi,“ segir Ólafur. „Stoeger-byssurnar eru bakslagsskiptar með snúningsbolta og byggja á tækni sem finna má í ítölsku Benelli- og Franchi-byssunum, sem eru framleiddar af fyrirtækjum sem eru í eigu sömu aðila.“

Frá og með ágúst 2019 getum við nú boðið fimm ára ábyrgð á öllum Stoeger-byssum, en það er mun lengri ábyrgð en er á mörgum margfalt dýrari byssum,“ segir Ólafur. „Stoeger-byssurnar eru afar traustar og áreiðanlegar og þær eru á afar hagstæðu verði, eða frá 59.900 kr. fyrir pumpurnar og frá 79.900 kr. fyrir þær hálfjálfrvirku.“

Við höfum flutt inn Stoeger-haglabyssurnar síðan árið 2002, þannig að við höfum dreift þeim á Íslandi í næstum 20 ár,“ segir Ólafur. „Það er því komin áralöng góð reynsla á Stoeger við íslenskar aðstæður.“



Veidihornið borgar skráningargjaldið fyrir þá sem kaupa nýja veiðibyssu.

Verð aldrei hagstæðara

„Remington-byssurnar þarf vart að kynna fyrir íslenskum skotveiðimönnum. Líklega hefur engin pumpa selst í sama magni og Remington 870 pumpan,“ segir Ólafur. „Þá voru Remington 1100 og 11-87 hálfjálfrvirku byssurnar líka með mest keyptu haglabyssunum árum saman.“

Ný kynslóð er að leysa þessar gömlu, góðu byssur af, en það

eru Remington V3 og Remington Versamax, sem eru með byltingarkenndan skiptibúnað,“ segir Ólafur. „Remington fullyrðir að nýi skiptibúnaðurinn sé sá áreiðanlegasti og hreinlegasti á markaðnum, auk þess sem byssurnar skipta öllum hleðslum vel og örugglega.“

Verð á Remington-byssunum er líka mjög hagstætt,“ segir Ólafur. „Verðið á pumpunum er frá aðeins



Vinsælu Remington Nitro Magnum og Rio haglaskotin fást í Veidihorninu.



Remington-haglabyssurnar hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi.

79.900 kr. og á hálfjálfrvirku Remington-byssunum er það frá aðeins 89.900 kr.“

Veidihornið borgar skráningargjaldið

„Frá og með gærdeginum, 15. ágúst, borgar Veidihornið skráningargjaldið fyrir viðskiptavinum sem fjárfesta í nýjum veiðibyssum,“ segir Ólafur. „Með þessu auðveldum við viðskiptavinum okkar að eignast ný skotvopn og viðskiptavinir okkar spara sér 6.000 krónur sem þeir annars þyrftu að greiða fyrir endurnýjun skotvopnaskirteinis. Það munar um minna.“

Öflugustu haglaskotin

„Allir geta verið sammála um að einhver albestu haglaskotin á

Frá og með ágúst 2019 getum við nú boðið fimm ára ábyrgð á öllum Stoeger-byssum, en það er mun lengri ábyrgð en er á mörgum margfalt dýrari byssum. Stoeger-byssurnar eru afar traustar og áreiðanlegar og þær eru á afar hagstæðu verði.

Ólafur Vigfússon

markaðnum eru Remington Nitro Magnum skotin, en þú færð þau í Veidihorninu, auk vinsælu Rio haglaskotanna frá Spáni,“ segir Ólafur. „Bæði þessi merki hafa aukid við sig markaðshlutdeild ár frá ári og eru einhver vinsælustu haglaskotin á markaðnum í dag.“

Í skotveiðideild Veidihornsins eru til aðstoðar veiðimenn með margra ára reynslu af skotveiði og skotfimi og við leggjum gríðarlega áherslu á faglega og góða þjónustu,“ segir Ólafur. „Viðskiptavinir Veidihornsins geta því treyst því að þeir séu í góðum höndum hjá okkur hérna í Síðumúla 8.“



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Pegar haustið kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 6.170.000 kr.



Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Hilux, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Rómantískt að veiða saman

María Anna Clausen er mörgum kunn fyrir að kasta kveðju á landsmenn undir nafninu María í auglýsingum Veiðihornsins. Hún smitaðist af veiðibakteríunni strax á barnsaldri.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég byrjaði að veiða sem lítil hnáta í fjölskylduferðum um landið. Ég varð fljótt fiskin, sem jók enn á veiðihugann, og var bæði dugleg og ævintýragjörn á bakkanum. Ef ég fékk ekki fljótlega fisk á spúninn tók ég spúnaboxið traustataki og prófaði þá alla, eða þar til ég fékk fisk og það gerist iðulega hjá mér," segir borgarbarnið María sem heillaðist ung af útvist og íslenskrí náttúru á uppvaxtarárunum.

„Í þá daga miðuðust öll fri fjölskyldunnar við að fara út úr bænum með veiðistangir í skottinu og renna fyrir fisk. Ég á því ótal dýrmætar minningar um vatnaveiði um æskunnar lönd og hef veitt á stöng allar götur síðan," segir María.

Ljúfar minningar hjóna

Veiðikonan María fann ástina í örmum veiðimannsins Ólafs Vigfússonar en saman keyptu þau verslunina Veiðimanninn árið 1998 og hafa nú rekið verslunina Veiðihornið síðastliðið 21 ár.

„Við Óli förum strax í veiðitúra saman og byrjuðum bæði í skotveiði eftir að við keyptum búðina. Það er bæði rómantískt og frábært að veiða saman og dýrmætt fyrir hjón að hafa sama áhugamál. Það gefur mikið að plana ferðalögin saman, eiga sömu upplifanir, skemmtilegar stundir og yndislegt að geta deilt sömu lífsreynslu og minningum," upplýsir María sem veiðir með Óla sínum á öllum árstíðum en þó mest á veturna þegar



Veiðihjónin Ólafur Vigfússon og María Anna Clausen með tvö íslensk hreindýr sem þau felldu í sumar.

hjónin halda í víking til að veiða um heimsins lönd og höf.

„Við förum jafnan í eina skotveiðiferð og tvær stangveiðiferðir á hverjum vetri. Undanfarna vetur höfum við farið til Namibíu að skjóta framandi dýr og til Seychelleseyja og Jólaleyja í stangveiði. Þetta eru löng og ströng ferðalög en í Namibíu hef ég meðal annars veitt sebrahest og eland-antilópu, sem eru stórvaxin og tignarleg dýr af snúinhyrndri antilóputegund. Það hefur aldrei vafist fyrir mér að skjóta bráð og mér þykir það ekki til-tökumál, enda þarf að grisja marga dýrastofna, eins og íslenska hreindýrastofninn, og við Óli förum ávallt í skotveiði undir traustri veiðistjórnun í hverju landi fyrir sig," útskýrir María sem verður aldrei þreytt á veiðiskapnum.

„Nei, veiðimennskan er svo spennandi. Í því felst undirbúningurinn, útivera og náttúruupp-

lifun í íslenskrí náttúru, sem og annars staðar. Veiðiskapur er lífsstíll og tilhlökkun er stór hluti af veiðinni. Í búðina kemur stundum eldra fólk sem er að mestu

hætt að veiða en fer þó enn í eina veiðiferð á ári. Spennungurinn og tilhlökkunin leynir sér ekki og þótt maður fari bara í einn veiðitúr á sumri er hægt að skemmta sér við að tala um hann allan veturinn við veiðifélagana, spá í hvaða græjur eigi að nota og hvernig eigi að haga þessu öllu," segir María brosmild.

Skotið í villtri náttúru Afríku

Þegar kemur að veiðiskap er María höllust undir stangveiði í ám, en hún hefur líka yndi af skotveiði.

„Mér þykir voðalega vænt um Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu. Þangað fór ég með foreldrum mínum í æsku og fer enn. Áin gefur ágætlega af sér og það er fjölbreyttur fiskur í henni; lax, bleikja og

urriði og alltaf eitthvað óvænt sem kemur upp á. Laxinn er auðvitað mest spennandi, hann útheimtir miklar pælingar og fiskarnir geta verið stórir, en í Vatnsdalsá þarf að sleppa laxi en það má hirða bleikjurnar," segir María sem matreiðir aflann þegar heim kemur.

Þegar sumarönnun í Veiðihorninu lýkur í haust halda þau María og Óli í fyrsta sinn til veiða í Sambíu.

„Ég hlakka mikið til. Það er töfrandi að veiða í Afríku og eftirminnilegasta veiðiferðin var sú fyrsta til Namibíu. Það var allt svo framandi og ævintýrlegt, að ganga um í kyrrðinni og eltast við villt dýr sem maður hafði bara áður séð í dýragörðum en gengu þarna frjálst um í sínu ægiffagra náttúrulega umhverfi. Því fylgdi mikil spennan og vissulega voru mannýg rándýr á næsta leiti en maður er alltaf í fylgd með leiðsögumanni sem þekkir vel aðstæður og passar upp á hlutina," segir María en veiðiferðir þeirra hjóna standa jafnan yfir í viku hverju sinni.

„Af dýrum sem ég hef skotið er ég stoltust af eland-dýrinu sem var orðið aldráð og svipmikið. Einnig sebrahesti sem ég skaut og er nú dýrindis feldur heima í stofu. Við eigum orðið ágætis safn gripa sem

Það er dýrmætt fyrir hjón að eiga sama áhugamál og alveg yndislegt að geta deilt sömu lífsreynslu og minningum.

er gaman að ylja sér við, bæði uppstoppaða fiska, hausa og skinn, en ég lít á það sem safn minninga og hef gaman af því að punta heimilið og sumarbústaðinn með minjagripum frá ferðalögum okkar um heiminn."

María á þrjár byssur; hagla-byssu, 22 kalibera riffil og 308 kalibera riffil sem hún notar til hreindýraveiða og tekur með sér til Afríku.

„Ég er líka í Skotfélagi Kópavogs og æfi þar reglulega með fleiri konum yfir veturinn. Það er partur af veiðinni að hittast og æfa sig og skemmtileg stemning að skjóta og spjalla um veiði yfir veturinn. Skotfimi er vinsælt sport og töluvert um að fólk sé í skotfimi til að skjóta sér til ánægju en ætli sér aldrei að veiða," upplýsir María sem er einnig meðlimur í veiðihópnum Árdísun sem samanstendur af 80 konum í stangveiði og skotveiðihópnum T&T sem farið hefur utan til Skotlands og Eistlands til veiða.

Heimilislegt að hitta Mariu

Margir kannast við Mariu úr útvarpsauglýsingum Veiðihornsins þar sem hún endar auglýsingalesturinn á því að segja nafn sitt; María.

„Mig langaði að gera lesturinn að okkar og finnst ég tala meira til viðskiptavina með því að tala beint við þá. Fólk finnst það kannast við mig þegar það kemur í búðina og það er auðveldara og persónulegra að stíga inn í umhverfi þegar maður hefur nafn til að tengja við og veit við hvern maður er að tala. Því finnst mörgum heimilislegt að hitta fyrir Mariu í búðinni," segir María sem nýtur hvers dags í Veiðihorninu.

„Það er einstaklega gefandi að vera með búð og upplifa gleði þeirra sem koma til að græja sig upp fyrir veiðiskapinn. Allir sem vinna hjá okkur hafa verið lengi í sportinu og miðla miklum fróðleik úr sínum reynslubrunni. Stemningin er alltaf góð og það er skemmtilegt í vinnunni."

MAGNESÍUM frá BetterYou

Getur verið slakandi, dregið úr krömpum og fótapingi ásamt því að bæta svefn.



Olíuúði

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða.

Fyrir alla sem finna fyrir eymslum og þreytu í vöðvum.



Olíuúði

Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu. Flýtt endurheimt vöðva.



Olíuúði

Fyrir svefninn. Stuðlar að meiri ró og hefur reynst vel við fótaeirið.



Gel

Fyrir þreytta og auma vöðva. Hátt magnesíum innihald og hröð upptaka.

ALLT FYRIR GÆSAVEIÐINA

Benelli

SAVAGE ARMS



BERETTA

FRANCHI

Byssur - byssutöskur - skot - gerfigæsir - gæsaflautur - felubirgi - felunet - bakpokar - töskur og veiðigallar

**NYTT
2019**



Beretta A400 Plus



Deerhunter
SKOTVEIÐIFATNAÐUR

**NYTT
2019**



Benelli Raffaello BE Diamond

**NYTT
2019**



Franchi Affinity 3 Max5

**NYTT
2019**



Bettinsoli



Allen Camo Omnitex felugirðing



HOLL

Hágæða haglakot



Avian X Gerfigæsir



Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Maður þarf að vera klókari en bráðin til að komast í færi

Þorvaldur Björnsson hefur stundað veiði í áratugi, bæði stangveiði og skotveiði. Hann fékk undanþágu til að kaupa riffil snemma á unglingsaldri en 12 ára gamall var hann byrjaður að skjóta.

Það liggur við að ég hafi gert þetta frá því ég man eftir mér. Ég byrjaði að fara með þessa á veiðar, síðan þegar ég er 14 ára fer ég í sveit og fer að verja æðarvarp sem var þar. Þá var það flugvargur, minkur og refur sem maður fór að eltast við," segir Þorvaldur.

Hann segir að síðan þá hafi hann veitt gæs, rjúpu og hreindýr og líka farið utan að skjóta villisvín, hirti og dádýr. „Ég hafði nú ekki fyrir því að taka bráðina heim. Ég fór út til félaga míns sem er með svæði þar sem þarf að skjóta ákveðinn kvóta af dýrum og ég hjálpaði bara til við það.“

Þorvaldur segir að allar veiðar séu skemmtilegar á sinn hátt og því hefur hann stundað þær jöfnum höndum. „Þetta hefur allt sinn sjarma. Það er gaman að vera úti að labba í snjó og eltast við rjúpur, spennandi að liggja fyrir gæs og líka spenna að ná í hreindýr og mink. Á refnum felst spennan í að biða og fá hann á grenið. Maður þarf að vera klókari en bráðin til að komast í færi til að ná henni. Þetta er það sama með stangveiðina. Það er ákveðin reynsla sem hjálpar manni að ná árangri og það þarf að hafa útsjónarsemi til að vita hvar bráðina er helst að finna.“

Markmiðið með veiðinni, að sögn Þorvaldar, er að veiða sér sjálfur til matar. Hann lætur líka aðra njóta góðs af henni og gefur mikið af því sem hann veiðir.

„Það er líka mikilvægt að halda mink niðri á vissum svæðum til að fuglalíf þrífist. Sérstaklega



Þorvaldur stundar bæði stangveiði og skotveiði. MYND/BJARKI GUÐMUNDSSON

á eyjunum við Breiðafjörð. Ég er búinn að fara þangað í fjölda ára og hjálpa mönnum að halda minknum niðri. Hann getur skemmt mikið ef honum er ekki haldið í skefjum, hann getur eytt lunda og eyðilagt æðarvarp svo dæmi séu tekin. Það er mikilvægt að fuglar sem eru í eyjunum fái

fríð til að verpa. Það er það sama uppi á teningnum með refinn. Maður reynir að halda honum niðri á ákveðnum svæðum.“

Að öðru leyti segir Þorvaldur að það sé aðallega útiveran sem heillar við veiðina og að veiðitúrarnir séu fullkomnir með góðum veiðifélögum. Hann segist líka

„Þetta hefur allt sinn sjarma. Það er gaman að vera úti að labba í snjó og eltast við rjúpur, spennandi að liggja fyrir gæs og líka spenna að ná í hreindýr og mink.“

gera mikið af því að tína ber. „Ég er brjáláður í berjatinslu og tinni tugi lítra á hverju sumri.“

Þorvaldur segir að vissulega fylgi það skotveiðinni að borða mikið af villibráð. Konan hans sér þó aðallega um eldamennskuna. „Menn eru stundum að hringja í mig og spyrja mig hvernig eigi að elda gæsir. Ég segi þeim að vera ekki að spyrja mig að því. Þegar ég er einn heima þá set ég gæsina bara í ofnpoka til að þurfa ekki að þrifa ofninn. Ég elda hana svo í svona klukkutíma og borða með kokteilsósu. Aðrir eru oftast með eitthvað flott í kringum þetta. Góð salöt og kartöflur, en það fylgir þessu ekki mikil eldamennska hjá mér. Ég hef þetta bara mjög einfalt og fljótlegt.“

PIONER

PIONER PLASTBÁTAR

Pioner eru heilsteypdir, norskir plastbátar, sterkir, léttir og liprir sem þurfa lítið viðhald og endast lengi. Þeir fást í nokkrum stærðum og litum en allir Pioneer bátar eru með tvöfaldan byrðing, þola hitabreytingar vel og henta vel fyrir íslenskar aðstæður, jafnt í ferskvatni og sjó.


Í Pioneer bátana fást aukahlutir eins og handrið að framan og púðar í sæti. Það fer eftir gerð hvaða aukahluti er hægt að fá.

ISO-vottað með tilliti til gæða og umhverfis.


FLÖSKUR

í íslensku sjávarríki


Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



Norðursjavar Kóli
Atlantic Cola




Lúði
Plastysis
Aukreitis



Plastbitur
Virus Plastikus




Spuri
Flaskus Flaskus




Ískóli
Plastus Vesenis



Sóðabikkja
Mengunis Majoris



Magnútur
Sodapop Virus



Storsíli
Úrgangus Ópolandis



Skarskólpi
Kippis Kippus



Djúpsjavar lufsi
Maritima Polyurethane

Ef plastnotkun þróast áfram eins og hún er í dag þá er því spáð að árið 2050 verði jafnmikið af plasti og fiski í höfunum í kílóum talið. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar drykkjarumbúðir á þínu heimili skili sér í Endurvinnsluna. Þannig leggur þú þitt af mörkum og færð greitt fyrir það!

 **Flöskumóttaka**
Endurvinnslan





Skotveiðimenn þurfa að fara á tvö námskeið til að fá rétt til veiði.

Námskeið fyrir skotveiðimenn

Umhverfisstofnun hefur umsjón með skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um allt land. Þeir sem hyggjast stunda almennar skotveiðar þurfa að vera handhafar skotvopnaleyfis og veiðikorts. Til að öðlast þau réttindi er farið á tvö námskeið, skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið, að því er kemur fram á vefnum island.is.

Skotvopnanámskeið Umhverfisstofnunar eru ætluð þeim sem vilja sækja um skotvopnaleyfi hjá lögreglunni. Ef námskeiðinu er lokið með fullnægjandi árangri getur námskeiðsfari sótt um A-skotvopnaleyfi að því loknu.

Athuga ber að skotvopnaleyfi veitir takmarkaðan rétt til þess að stunda skotveiðar og því fara flestir einnig á veiðikortanámskeið.

Almenn skilyrði til að mega sækja skotvopnanámskeið:

- Að hafa náð 20 ára aldri, vera andlega heilbrigður og hafa ekki verið sviptur sjálfræði.
- Að hafa ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, vopnalaga eða laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því brot var framið og refsing hefur ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi má vika frá þessu skilyrði.

Gögnin sem skila þarf inn til lögreglu ef sótt er um að fara á skotvopnanámskeið eru eftirfarandi:

- Sakavottorð sem sótt er um hjá lögreglu um leið og gögnum er skilað.
- Læknisvottorð sem er sérstaklega útgefið vegna skotvopnaleyfis.
- Nýleg passamynd.
- Umsóknareyðublað um þátttöku í skotvopnanámskeiði með undirskrift tveggja meðmælenda.
- Ekki þarf að skila inn ofangreindum gögnum ef ætlunin er að fara eingöngu á veiðikortanámskeið.

Veiðikort:

- Veiðikortanámskeið Umhverfisstofnunar eru ætluð þeim sem vilja sækja um veiðikort.
- Veiðikort gefur almenn réttindi til þess að stunda veiðar á spendýrum og fuglum á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum.
- Veiðikort veitir ekki skotvopnaréttindi og því fara flestir einnig á skotvopnanámskeið.
- Allir sem hyggjast stunda almennar fugla-, refa- eða hreindýraveiðar verða að vera handhafar veiðikorts.
- Ef námskeiðinu er lokið með fullnægjandi árangri getur námskeiðsfari sótt um veiðikort að því loknu.

Gott að vita fyrir hreindýraveiðar

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið hreindýrakvóta fyrir 2019 að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun. Heimilt verður að veiða allt að 1.451 dýr á árinu, 1.043 kýr og 408 tarfa. Um er að ræða sama fjölda dýra og hreindýrakvóti fyrra árs kvað á um.

Veiðin skiptist milli níu veiðisvæða og eru mörk þeirra og fjöldi dýra á hverju svæði tilgreind í auglýsingu frá ráðuneytinu.



Veiða má hreindýr á níu stöðum á landinu þetta veiðitímabil.

Heimildirnar eru veittar með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun veiðiheimilda. Þá hefur ráðuneytið verið með í skoðun áhrif kúaveiða á kálfa. Niðurstöður þeirrar athugunar geta mögulega haft áhrif á veiðitíma hreindýra, sem kveðið er á um í reglugerð.

Veturgamlir tarfar eru alfríðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri.



Notaðu skynsemina

Pedigree fyrir hundinn þinn!

Björn og Lára í Heimsendaræktun hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Þau hafa í gegnum árin náð frábærum árangri og meðal annars gefið af sér tugi alþjóðlegra og íslenskra meistara.

Undanfarin 15 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri



Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast
Réttu blanda af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.



Heilbrigð húð og glansandi feldur:
Réttu blanda af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að honum líði vel og liti vel út.



Styrkir náttúrulegar varmir: Vitamín E, andoxunarefni og valín steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.



Sterkar tennur og heilbriggt tannhold:
Sérmótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbættis sykurs.

Enginn viðbættur sykur

Þróað af dýralæknum

Engin tilbúin bragðefni

Pedigree hvetur alla hundaeigendur til að virða lög og reglur um hundahald. www.pedigree.is

Kjötkompaní

dagana
15.-17.
ágúst

10 ára

afmæli ~~2009~~ **2019**

VÖRUR Á
20% afsl.



NAUTAHAKK

100% hreint | 500GR pakkningar

1.590 kr/kg

FULLT VERÐ, 2.295 kr/kg

- ▷ LAMBAFILE
- ▷ LAMBAFILE GRILLSPJÓT
- ▷ NAUTA-MÍNÚTUSTEIK
- ▷ NAUTALUNDIR DE LUXE
- ▷ HAMBORGARAR MED BRAUDI
- ▷ SÜKKULADIMÚS

LASAGNE 1kg

1.490 kr./kg.

FULLT VERÐ, 2.290 kr/kg

FÖSTUDAGURINN
16. ÁGÚST

12:00 GRILLIN
..... TENDRUD

14:00 
Júlla
Diskó

LAUGARDAGURINN
17. ÁGÚST

12:00 JÚLLA DISKÓ,
GRILLIN TENDRUD

14:00

Jón Jónsson
& Frikki Þór



DALSHRAUNI 13
HAFNARFIRÐI

GRANDAGARÐI 29
101 REYKJAVÍK



Leiðir til að deyja úr hlátri

Stundum eru hlutir svo fyndnir að við tölum um að deyja úr hlátri. En er virkilega hægt að hlæja svo kröftuglega að það kosti mann lífið? Hér eru svör þriggja lækna við þeirri spurningu.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er fátt betra en að hlæja og hlátur á að vera besta meðalið. En mörg meðul verða hættuleg í of stórum skammti og geta jafnvel valdið dauða. Hlátur getur valdið álagi á líkamann og stundum líður fólki eins og það sé að kafna úr hlátri. Við tölum líka oft um að deyja úr hlátri, en er það virkilega hægt? Vefurinn Gizmodo kannaði málið með því að spyrja þrjá bandaríska lækna.

Hlátur virðist tengdur góðri heilsu

Gizmodo leitaði fyrst til Jorge Antonio Gutierrez, aðstoðarprófessors við hjartalækningadeild Duke-læknaskólans í Norður-Karólínu. Hann segir að stutta svarið sé einfaldlega nei, en að hláturinn geti valdið þrýstingi í æðakerfinu sem geti komið af stað kvillum sem hefðu hvort sem er komið fram fyrr eða síðar. Þannig getur hlátur kannski komið af stað kvillum hjá þeim sem eru veikir fyrir, en það er ekki hláturinn sem veldur þeim.

Hann bendir hins vegar á að hlátur virðist hafa áhrif á heilsu. Í nýlegri rannsókn sem var birt í rit-




rýndu læknatímariti og náði til 17 þúsund þátttakenda var komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem hlæja minna væru líklegri til að deyja og að þeir væru í aukinni hættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma.

Gutierrez segist þó vita um eitt dæmi um manneskju sem dó hlæjandi. Það var fimmtug kona sem var á geðklofalyfjum sem öllu óreglulegum hjartslætti. Henni var ráðlagt að hætta á lyfjunum

vegna þessarar aukaverkunar en hún fylgdi þeim ráðum ekki. Einn daginn heyrði hún brandara sem fékk hana til að hlæja stanslaust í tvær eða þrjár mínútur, en þá féll hún í yfirlið og lést.

Annar möguleiki er ef einhver væri að borða á sama tíma og hann færi að hlæja og myndi anda að sér mat og kafna á honum. Þá væri samt vitaskuld mögulega hægt að bjarga viðkomandi með Heimlich-aðferðinni.

Hlátur hefur verið tengdur við góða heilsu og virðist almennt gera okkur gott.
MYNDIR/NORDIC-
PHOTOS/GETTY



ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS
Á FRÉTTABLAÐIÐ.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU,
HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!

Möguleg köfnunarhætta

Næst var rætt við Dana Abend-schein, aðstoðarprófessor í læknisfræði, frumulliffræði og lífeðlisfræði við Washington-læknaháskólann í St. Louis í Missouri. Hann er ekki alveg jafn bjartsýnn og Gutierrez og sér fyrir sér tvær leiðir til að deyja úr hlátri.

Sú fyrri er ef hláturinn veldur viðvarandi raddbandakrampa, sem getur hindrað flæði súrefnis í lungun og hugsanlega valdið því að hjartað fái ekki nægt súrefni, sem getur valdið banvænum hjartsláttartruflunum. Ef viðkomandi fengi ekki fyrstu hjálp og stuð frá hjartastuðtæki umsvifalaust væri hægt að deyja úr hlátri.



Þarf að vera veikur fyrir

Að lokum var rætt við Ronald L. Dalman, prófessor í skurðlækningum við Stanford-háskóla. Hann telur hlátur ekki líklega dánarorsök, sérstaklega ekki hjá einstaklingi sem er heilbrigður. Hann segir þó að til séu einstaklingar með ákveðna erfðagalla sem geti mögulega fengið heilablóðfall ef blóðþrýstingur þeirra ris verulega við álag eða þegar þeir halda niðri í sér andanum. Hann segir að þetta gæti gerst við mjög mikinn hlátur.

Dalman segir að mikill hlátur gæti líka mögulega sprengt fyrirbyggjandi æðagúlp, sérstaklega ákveðnar gerðir af æðagúlp, ef hann er nógu slæmur. Þetta rímar við það sem Gutierrez talaði um, að mikill hlátur gæti mögulega valdið álagi á æðakerfið sem kæmi af stað kvillum sem hefðu hvort sem er komið fram. Hann segir að það sé mjög erfitt að segja til um hvað sprengi æðagúlp, því að þar séu margir áhrifaþættir.

Síðast en ekki sist nefnir hann að það sé hugsanlega hægt að valda skemmdum á ósæðarvegg með mjög miklum hlátri, sérstaklega ef maður er með langvinnan háþrýsting eða ákveðna erfðagalla sem veikja æðaveggi. Slíkar skemmdir geta mögulega leitt til dauða, segir Dalman.

Þannig að það er svo sannarlega ekki auðvelt fyrir heilbrigðan einstakling að deyja úr hlátri, en mjög kröftugur og mikill hlátur gæti hugsanlega komið viðkvæmu kerfi úr jafnvægi hjá þeim sem eru veikir fyrir. Allt er mögulegt og það þarf stundum ekki mikið til að slá líkamann út af laginu. En það eru líklega fáar leiðir betri til að fara en að deyja úr hlátri.

Það er almennt hollt að hlæja en undir ákveðnum kringumstæðum getur það mögulega verið hættulegt.



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hjóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr bíl. Må vera dálítið ryðgaður og illa á sig kominn. Verður að vera í toppstandi og skoðaður. Staðgreiðist! Uppl. s: 480-2109

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafragnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is


Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S. 564-6500

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitid liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitid og matsskýrslu Matfugls hf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI

LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR

11:30 Arsenal - Burnley
14:00 Southampton - Liverpool
16:30 Man.City - Tottenham

SUNNUDAGUR

15:30 Chelsea - Leicester

MÁNUDAGUR

19:00 Wolves - Man.Utd.

Boltatilboð

LIFANDI TÓNLIST



FESTIVAL

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR
ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

Fasteignir

Húsaskjól
fasteignasala

Auðun
audun@husaskjol.is

Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 894 1976 Lögilltur fasteignasali

OPIÐ HÚS



Opið hús í dag föstud. 16. ágúst 17:30-18:00 Stærð: 107.1 fm

Eiðistorg 7, Seltjarnarnes Verð: 52.600.000

Mikið endurnýjuð og falleg 3ja herbergja íbúð á 3.hæð, stofa og eldhús mynda rúmgt opið rými, mjög fallegt sjávarútsýni út frá stofu, tvennar svalir.

WWW.HUSASKJOL.IS HUSASKJOL@HUSASKJOL.IS WWW.FACEBOOK.COM/HUSASKJOL

Til Leigu



Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu á áberandi stað miðsvæðis í Reykjavík. Frábært útsýni frá efstu hæðum hússins yfir Laugardalinn og Esjuna. Leigugeiningar eru frá 180 – 500 fm. Bílastæðahús á tveimur hæðum – 100 einkabílastæði.

Húsnæðið er laust

Nánari upplýsingar veitir:
Próstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

VILT ÞÚ SELJA HÚSIÐ ÞITT?

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

Atvinna

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is



Lagermaður

Óskum eftir starfskrafti á lager

Vinnutími virka daga frá kl 08:00 - 17:00

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi, leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi. - Lyftararéttindi æskileg.

Rafvirki - vélvirki

Starfssvið:

Viðgerðir á raftækjum í veitingahús

- Það er ekki verra að viðkomandi sé vanur sambærilegu. Vinnutími virka daga frá kl 08:00 - 17:00.

Upplýsingar um umsækjanda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Tilkynningar

ÍSAFJARÐARBÆR

Framkvæmdarleyfi við Mjólkárverkjun, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum 20. júní s.l. umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. dags. 7. júní 2019 um að framkvæmdaleyfi verði gefið út, vegna miðlunar og veita í Hófsárveitu efri, gerðar verði tvær stíflur, sett tvö yfirföll og tveir botnlokar auk þriggja veituskurða. Kattarvatni verður veitt í Tangavatn með veituskurði.

Framkvæmdaleyfið er veitt á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr.772/2012. Framkvæmdaleyfisgjald að fjárhæð kr. 81.613,- hefur verið greitt.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 27. september 2017 er sú að fyrirhuguð stækkun Mjólkárverkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því óháð mati á umhverfisáhrifum.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitastjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar. Fylgiskjöl og greinargerðir má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.isafjordur.is.


Brynjar Þór Jónasson
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Þú finnur draumastarfið á

Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Capacent_

capacent.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is

HÓPFERÐIR Á ENSKA

Nánari upplýsingar um ferðirnar og sala er á visitor.is



VS.



4.-7. okt. · Verð frá 149.900*



VS.



25.-28. okt. · Verð frá 129.900*

10.000 kr. afsláttur fyrir félagi í stuðningsmannaklúbbi Arsenal



VS.



25.-28. okt. · Verð frá 159.900*



VS.



29. nóv.-2. des. · Verð frá 129.900*



VS.



13.-16. des. · Verð frá 139.900*



VS.



13.-16. des. · Verð frá 139.900*

10.000 kr. afsláttur fyrir félagi í stuðningsmannaklúbbi Arsenal

*Innifalið: flug og farangursheimildir með Icelandair, rúta til og frá flugvelli, 4 stjörnu hótalgisting með morgunverði, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.



VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR
Í HÓPFERÐUM

SVÖRUM STRAX Á: hopar@visitor.is

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA



Visitor ferðaskrifstofa | Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur | Sími 578 9888 · visitor.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1284 Filippus 4. Frakkakonungur gengur að eiga Jóhönnu af Navarra.

1513 Orrustan við Guingate nálægt Calais: Maximilian 1. keisari og Hinrik 8. vinna sigur á her Frakka.

1854 Amerískur ofursti, Shafner að nafni, fær leyfi konungs til að leggja ritsíma milli Danmerkur og Vesturheims með viðkomu á Íslandi. Ekkert varð úr verkefninu og varð hálfrair aldar bið eftir ritsíma á Íslandi.

1906 Jarðskjálfti ríður yfir Síle, 8,2 á Richter. Talið er að minnsta kosti 20.000 manns hafi farist.

1914 Orrustunni við Liège lýkur með sigri Þjóðverja. Þetta var upphafsorrusta fyrri heimsstyrjaldarinnar, þar sem Þjóðverjar réðust inn í Belgíu.



1920 Sveinn Björnsson er skipaður sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Hann var áður forstjóri Brunabótáfélagssins og síðar varð hann fyrsti forseti Íslands.

1941 Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, kemur til Reykjavíkur á heimleið af fundi með Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseta sem þeir héldu á Nýfundnalandi. Koma hans vekur mikla athygli í Reykjavík.

1960 Kýpur fær sjálfstæði frá Bretlandi.

1984 Járnbrautarbrú hrynur á Indlandi með þeim afleiðingum að 102 fórust.

1987 Northwest Airlines flug 255 hrapar í flugtaki á Detroit-flugvelli með þeim afleiðingum að allir um borð, 156 manns, farast nema eitt fjögurra ára barn.

1991 Úrkomumet fellur í Reykjavík er niður koma 18 millimetrar á einni klukkustund, en það samsvarar rúmlega fjórðungi af venjulegri mánaðarúrkomu.

1993 Linuxútgáfan Debian kemur út í fyrsta sinn.

1994 Póstur og sími hefur rekstur fyrsta GSM-farsímakerfisins á Íslandi.

1995 Vafri Microsoft, Internet Explorer, kemur út.

1995 Íbúar Bermúda hafna sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

2002 Íslenska kvikmyndin „Maður eins og ég“ er frumsýnd.

2006 Þýskur ferðamaður lætur lífið þegar is hrynur úr lofti íshellis við Hrafninnusker.

2014 Jarðskjálftahrina hefst í Holuhrauni.



Stendur á fimmtugu og fagnar með afmælisbúbli

Leikarinn Valur Freyr Einarsson er flestum Íslendingum að góðu kunnur úr ótal bíómyndum, sjónvarpsþáttum og leikritum í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Hann ætlar að fagna með vinum og vandamönnum í tilefni dagsins og bjóða upp á föstudagsbróns með búbli og berjum.

Valur Freyr fæddist þann 16. ágúst árið 1969, yngstur fimm bræðra. Fyrstu tvö árin bjó hann í Fossvoginum í Reykjavík en fjölskylda hans flutti síðan í Garðabæ.

Eftir grunnskóla fylgdi hann eldri bróður sínum í Menntaskólann í Reykjavík og stefndi á læknisfræði við Háskóla Íslands. En á menntaskólaárunum fékk hann áhuga á íslensku og bókmenntum. Eftir að hafa tekið virkan þátt í Herra-nótt, leiklistarfélagi MR, fór hugurinn að leita á önnur mið og leiklistin togaði í hann.

Á grunnskólaárunum í Flataskóla í Garðabæ lék Valur kotbóndann Jón í leikritinu Gullna hliðið. Það breytti miklu, því þá fékk hann í fyrsta sinn þá tilfinningu að leiklist væri skemmtilegt fyrirbæri. „Við mamma hlustuðum á Útvarpsleikhúsið í útvarpinu öll fimmtudagskvöld og ég sat alveg limdur yfir því,“ segir Valur.

Valur nam leiklist við Manchester Metropolitan School of Theatre og útskrifaðist árið 1995. Frá útskrift hefur hann einkum starfað í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Hann er annar stofnenda CommonNonsense sem hefur framleitt leikhúsverkefni frá árinu 2001, meðal annars verkin Forðist okkur, Tengdó og Dagbók jazzsöngvarans.

Meðal verkefna Vals í Borgarleikhúsinu má nefna söngleikinn Litlu hryllingsbúðina, Elsku barn, Tengdó, Dúkkuheimili, Njálu, Mamma Mia!, 1984 og Himnaríki og helvíti. Hann hefur leikstýrt í Þjóðleikhúsinu og skrifað þrjú verk sem hafa verið sýnd í atvinnuleikhúsi.

Valur hefur leikið í fjölda sjónvarpsþátta, stuttmynda og kvikmynda. Má þar nefna Vonarstræti, Undir trénu, Hæ Gosi 3 og Ófærð 2. Auk þess hefur hann talað inn á tugi mynda og sjónvarpsþátta.

Í gegnum árin hefur Valur hlotið mörg verðlaun og tilnefningar. Hann hlaut Grímuverðlaunin fyrir leik í bæði Tengdó og 1984 og árið 2012 var hann valinn leikskáld ársins. Hann hefur einnig hlotið Grímutilnefningar fyrir leik í Heddu Gabler, Dúkkuheimili og einleikum Allt sem er frábært.

„Leiklistin er langhlaup,“ segir Valur. „Maður lærir af mistökum og þroskast, bæði sem manneskja og listamaður. Þetta þarf að fara saman og er mikil vinna. Ekkert er fyrirhafnarlaust.“

Eiginkona Vals er Ilmur Stefánsdóttir, myndlistarkona og leikmyndahönnuður.

„Við hittumst á nýársdansleik á Borginni sálugu um áramótin 1991 til 1992. Þetta var ást við fyrstu sýn,“ segir Valur og bætir við að sú ást hafi haldið. Þau eiga saman fjögur börn, Sölku 24 ára, Ísak 22 ára, Gretti 17 ára og Grímu 14 ára.



Valur hefur hlotið mörg verðlaun og tilnefningar. MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR



Leiklistin er langhlaup. Maður lærir af mistökum og þroskast, bæði sem manneskja og listamaður. Þetta þarf að fara saman og er mikil vinna. Ekkert er fyrirhafnarlaust.

Valur segir ómetanlegt að eiga skilningsríkan og þolinmóðan maka og fjölskyldu. „Þetta starf veldur stundum álagi á fjölskylduna. Ég er mikið að heiman á kvöldin og um helgar í vinnu, sem reynir á, bæði tilfinningalega og líkamlega,“ segir hann.

Hvað með áhugamál?
„Þau eru flest tengd listum, leikhúsið, myndlist og tónlist og svo horfir maður á milli fingra sér á Arsenal í enska boltanum. Skíði eru í miklu uppáhaldi hjá okkur fjölskyldunni og önnur góð samvera.“

Hvað á að gera í tilefni dagsins?
„Ég verð með 50 ára „afmælisbúbli“ heima ef veður leyfir. Ég er að vonast til að fá vini mína og vandamenn til að skála við mig í tilefni dagsins. Þetta verður afslappaður, brosandí föstudagsbróns með búbli og berjum, kaffi og djús, döðlum og blöðrum en fyrst og fremst frábærum vinum,“ segir afmælisbarnið brosandí.

david@frettabladid.is



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigmundur Franz Kristjánsson

Stríkinu 12, Garðabæ,

lést á Landspítala, Hringbraut, sunnudaginn 11. ágúst síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Víðalínskirkju mánudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

Erna Sveinbjörnsdóttir

Gunnar Kristján Sigmundsson

Guðný Sverrisdóttir

Vilhelm Sigfús Sigmundsson

Herdís Gísladóttir

Harpa Þórunn Sigmundsdóttir

Björgvin Elvar Björgvinsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristrún Aðalbjörg Guðjónsdóttir

(Rúna)

frá Gröf, Grenivík,

verður jarðsungen frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 17. ágúst klukkan 14.

Minningarathöfn verður í Fossvogskapellu fimmtudaginn 22. ágúst klukkan 13.

Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði sama dag.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Guðjón Indriðason

Sigríður Indriðadóttir

POTTAPLÖNTU ÚTSALAN ER HAFIN

GERÐU FRÁBÆR
KAUP Á POTTAPLÖNTUM

20-50% AFSLÁTTUR

Mikið úrval

Allar pottaplöntur á útsölu meðan birgðir endast



-26%

Orkidea
2ja greina,
12 cm pottur

1.990 kr

~~2.690 kr~~

11325000



-24%

Friðarlilja

Verð frá:

899 kr

~~1.190 kr~~
11400017



-26%

Rifblaðka
Monstera

Verð frá:

1.990 kr

**HAUSTPLÖNTURNAR
ERU KOMNAR!**



Erika/Calluna

599 kr

10327400



-33%

Ástareldur

799 kr

~~1.199 kr~~
11328305



-22%

Chrysan-
themum

10,5 cm pottur

999 kr

~~1.290 kr~~
11400104



-50%

Burkni

12 cm pottur

1.145 kr

~~2.290 kr~~
11261379



-26%

Yucca

14 cm pottur

1.990 kr

~~2.690 kr~~
11327235

Þetta er aðeins brot af úrvalinu

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík 13 7 °C °C	Ísafjörður 4 7 °C °C	Akureyri 9 4 °C °C
Egilsstaðir 9 5 °C °C	Kirkjubæjarkl 11 1 °C °C	Hveravellir 5 7 °C °C

Norðaustan 5-13 m/s norðvestan til á landinu, en annars mun hægari breytileg átt. Súld eða rigning með köflum við norðurströndina annars víða síðdegis-skúrir. Hvessir í nótt, norðaustan 8-15 m/s á morgun, hvassast SA til. Dálítill væta N- og A-lands, en annars bjartviðri. Hiti 5 til 11 stig um landið norðanvert en 10 til 15 stig syðra.

Laugardagur

Reykjavík 13 8 °C °C	Ísafjörður 4 9 °C °C	Akureyri 10 4 °C °C
Egilsstaðir 8 10 °C °C	Kirkjubæjarkl 13 9 °C °C	Hveravellir 5 10 °C °C

Sunnudagur

Reykjavík 11 5 °C °C	Ísafjörður 5 4 °C °C	Akureyri 5 3 °C °C
Egilsstaðir 5 6 °C °C	Kirkjubæjarkl 13 3 °C °C	Hveravellir 4 8 °C °C

LÉTT

	4		2	8		6	1
						2	5
9		3				7	8
7			8	2			6
		5	3			8	
	6		5	7			
8			4			9	
1							
	3	6		1			

MIDLUNGS

			3	7			8
4			5	8	9		
		2	1				
	4			9			1
9			2	1			6
1	5			8	7		
		9	4				7
					6	1	3
		6				9	

PUNG

			7	5			
					8		1
					3		
	9				7		2
2	6		4				8
8			2				3
			3			7	5
4		1	6				9
		6		9		1	

Krossgáta

- | | |
|----------------|----------------|
| LÁRÉTT | LÓDRÉTT |
| 1 umla | 1 draumur |
| 2 dvelja | 2 elska |
| 3 íþróttafélag | 3 mánuður |
| 4 urga | 4 bak við |
| 5 átt | 7 álitinn |
| 6 kuldapæl | 9 öfugt |
| 7 bindingur | 12 lækning |
| 8 bjástur | 14 sægur |
| 9 beiting | 16 tveir eins |
| 10 samantekt | |

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 humma, 5 una, 6 fh, 8 gnista, 10 sa, 11 kal, 12 þand, 13 ómak, 15 nokkun, 17 ritun, 2 kal, 12 þand, 13 ómak, 15 nokkun, 17 ritun, 7 haldinn, 9 skákt, 12 þat, 14 mor, 16 un.

Skák Gunnar Björnsson

Geller átti leik gegn Novotelnov í Moskvu árið 1935.

Hvítur á leik



1. Hxf8+! Kxf8 (1... Dxf8 2. Bh7+ Kh8 3. Bg6+). 2. Dh8+ Kf7 3. Bg6+! Kxg6 (3... Ke6 4. Dg8+ Kd7 5. Bf5+). 4. Dh5# 1-0. Levon Aronian sigraði á hraðmótinu í St. Louis sem lauk í fyrradag. Magnús Carlsen hlaut minna en 50% vinningshlutfall. Hilmir Freyr Heimisson og Bragi Halldórsson sitja að tafli í Helsinki.

www.skak.is: Íslendingar tefla erlendis.

7	1	3	9	2	5	8	6	4
2	6	5	7	4	8	3	9	1
8	9	4	3	6	1	5	7	2
9	4	6	5	7	3	1	2	8
5	2	8	1	9	6	4	3	7
1	3	7	2	8	4	9	5	6
6	5	9	8	1	7	2	4	3
3	7	1	4	5	2	6	8	9
4	8	2	6	3	9	7	1	5

6	2	4	7	8	1	3	9	5
5	7	8	3	9	2	1	4	6
3	9	1	5	4	6	7	2	8
7	3	6	4	1	9	5	8	2
8	1	9	2	3	5	4	6	7
2	4	5	6	7	8	9	3	1
4	5	7	8	6	3	2	1	9
9	6	3	1	2	7	8	5	4
1	8	2	9	5	4	6	7	3

6	9	3	2	7	4	8	1	5
8	7	5	3	9	1	6	2	4
1	2	4	5	6	8	3	7	9
9	3	1	6	4	5	7	2	3
9	3	1	6	4	5	7	2	3
2	4	7	8	1	9	5	6	3
7	6	9	4	3	2	1	5	8
3	5	2	1	8	7	4	9	6
4	1	8	9	5	6	2	3	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



Láta reiðina ekki ráða för Hjónin **María Rut Kristinsdóttir** og **Ingileif Friðriksdóttir** ákváðu að eignast barn eftir að Ingileif fékk alvarlegt flog í frumskógum Mexíkó. Þær ræða tæknisæðingarferlið sem hófst síðastliðið haust og þá veggi sem hinsegin for-eldrar rekast á í kerfinu.

Niddist á brotnum stúlkum

Milljarðamæringurinn **Jeffrey Epstein** braut kynferðislega á miklum fjölda unglingsstúlkna um langt árabil. Vinir hans, auðkýfingar, þekkt fólk og stjórnáamenn, keppast við að sverja hann af sér og andlát hans í fangaklefa á Manhattan hefur kveikt fjölda samsæriskenna.

Lifið á Hverfisgötu

Blaðamaður heimsótti litla saumastofu, sælkeraverslun og veitingastað á **Hverfisgötu** og ræddi við eigendur um reksturinn og lífið. Framkvæmdir í götunni hafa dregist á langinn og haft áhrif á reksturinn.



Skoðun dagsins:

**[Krækiber eru
betri en bláber]**



**Ef þig vantar óumdeildari skoðun
geturðu fengið eina hjá okkur**

**Komdu með bílinn og fáðu skoðun
sem gildir í ár eða lengur**



**Skoðunar-
stöðvar um
allt land**



Frumherji

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



2l

ÍSLENSK
framleiðsla

198 kr./2 l

Pepsi og Pepsi Max
2 lítrar



400g

398 kr./400 g

OS Smjör
400 g

Ný uppskera!



298 kr./1 kg

SFG Íslenskar Kartöflur
Rauðar eða gullauga, 1 kg



120
hylki

2.998 kr./stk.

Protis Kollagen
120 hylki



Foreldað
Aðeins að hita

1.598 kr./stk.

Bónus Súpur
1-1,2 kg, 5 tegundir

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



129 kr./4 stk.

HP Flatkökur
4 stk. í pakka, 180 g



359 kr./pk.

Myllan Pizzastykki
4 stk. í poka

8 snúðar
í poka



298 kr./pk.

Myllan Pizzasnúðar
8 stk. í poka

**ALLTAF
NÝBAKAÐ**



198 kr./stk.

Bónus Tebolla
Nýbokuð



Verð gildir til og með **18. ágúst** eða meðan birgðir endast.

Íslenskt lambakjöt Af nýslátruðu



1.498 kr./kg

KS Lambalæri
Af nýslátruðu 2019



1.098 kr./kg

KS Lambasúpukjöt
Af nýslátruðu 2019



2.798 kr./kg

KS Lambahryggur
Af nýslátruðu 2019, hálfur, með lundum



4.598 kr./kg

KS Lambafille
Af nýslátruðu 2019

**LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA**

ÍSLENSKT
gjörð svo vel

STJÖRNU
GRIS



1.198 kr./kg

SG Bayonneskinka
Úr læri, nýreykt



1.298 kr./kg

Fisherman Porsknakkur
Frosnir, roð- og beinlausir




998 kr./kg

Fisherman Porskur
Frosinn, roð- og beinlaus



1.098 kr./kg

Fisherman Ýsa
Frosin, roð- og beinlaus



BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**

Takmörk sýnileikans

Hulda Stefánsdóttir, Marie Søndergaard Lolk og Sigríð Sandström sýna verk sín í BERG Contemporary. Ferlið var fremur óvenjulegt en listakonurnar voru í nán-um samskiptum í gegnum tölvupóst.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



ÞAÐ SEM TENGIR OKKUR SAMAN ER ABSTRAKSJÓN, ÞETTA SVOKALLAÐA NEIKVÆÐA RÝMI MYNDFLATARINS OG UPPLAUSN MYNDARINNAR.

Sjónhvörf er heiti sýningar Huldu Stefánsdóttur, hinnar dönsku Marie Søndergaard Lolk og hinnar sænsku Sigríð Sandström sem nú stendur yfir í BERG Contemporary. Hulda átti frumkvæðið að samsýningu þeirra. „Fyrir einu og hálfu ári hóaði ég okkur þremur saman, við fengum styrk til þess fundar frá Norrænu menningargáttinni, og við fórum að velja fyrir okkur möguleikum á samsýningu. Það sem tengir okkur saman er abstraksjón, þetta svokallaða neikvæða rými myndflatarins og upplausn myndarinnar. Í verkunum er eitthvað gefið í skyn en um leið er það að leysast upp.“

Viður samtalsvettvangur

Spurð um kynni myndlistarmanna segir Hulda: „Ég þekkti Sigríð fyrir en Marie þekkti ég ekki neitt en hún hafði verið nemandi Tuma Magnússonar sem benti mér á að skoða verk hennar. Ég gerði það og setti mig svo í samband við hana. Mig langaði til að skoða hvað er að gerast í óhlutbundnu málverki á Norðurlöndum í dag og finna mér víðari samtalsvettvang. Þetta var óvenjulegt ferli, við sendum hver annarri myndir og vorum í nánnum samskiptum í gegnum tölvupóst.“

Við vorum svo heppnar að á þessum tíma var birt samsett mynd af svartholi í fjölmiðlum. Þetta er mögnuð mynd með ljósbaug og því sem virðist vera svarthol. En svo reynist þetta vera stafræn samsetning og doppan í miðju baugsins

er ekki svarthol heldur skuggi af svartholi. Þetta ýtti frekar undir innblástur hjá okkur um andhverfur, hvað það er sem við sjáum og takmörk sýnileikans. Þetta er til dæmis það sem ég hef verið að fást við í þessum nýju verkum.“

Eins og framköllun

Hulda lýsir vinnuáferðum sínum í verkunum sem hún vann fyrir sýninguna, meðal annars með akrýl: „Ég vann mörg þunn lög af striga sem ég strekkti hvert yfir annað og liturinn liggur ýmist bældur undir eða smýgur í gegn. Stundum tek ég svo þessi lög í sundur aftur, sýni þau sem stök verk eða þá sem nokkurs konar fjölfeldi. Þá eru á sýningunni nokkur verk unnin á pappir sem ég festi beint á vegg sýningarrýmisins. Þetta eru verk bundin stað og stund sem hverfa svo að sýningunni lokinni. Ég er velta fyrir mér undir- og yfirlagi og kópíunni og frummyndinni. Þetta eru stef sem ég hef lengi verið að skoða í myndlist og áður einnig í samtali við ljósmyndir og ljósrit. Fyrir mér er þetta ferli eins og framköllun.“

Ólíkar raddir

Um verk Sigríð á sýningunni segir Hulda: „Sigríð sýnir þarna blá verk



Í verkunum er eitthvað gefið í skyn en um leið er það að leysast upp, segir Hulda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem hún vinnur þannig að hún er með striga og ýmis klæði sem hún ber á lit og leggur á myndflöt og tekur svo af og þá er hún komin með neikvæða formun af því sem var. Hún er líka með fjórar ætingar sem eru viðsnúningur, þannig að hún sýnir negatífuna. Í verkunum er hún að gera tilraun með hreyfinguna á milli myndflata. Í fyrsta sinn sýnir hún vinnutæki sitt, strigann sjálfan, sem sjálf-

stætt verk, og í einu verkinu lætur hún spegil ganga í gegnum hann, svo áhorfandinn horfist í augu við sjálfan sig út frá ákveðnu sjónarhorni og speglunin leiðir verkið í beint samtal við arkitektúr sýningarrýmisins. Samband myndverka og sýningarrýmis er einmitt annar þáttur sem er okkur öllum þremur hugleikinn. Í verkum sínum er Marie er að leika sér með mörk forma, eins og tákn, skrift eða

jafnvel landslag, og leysir þau síðan upp.“

Hulda segir að samvinnan hafi verið skemmtileg og lærdómsrík. „Við höfum átt í virkilega gefandi samræðum okkar á milli. Dagarnir sem við vorum að setja verkin upp voru sérstaklega lærdómsríkir. Við vorum að kynna og raddir okkar voru stundum ólíkar en við höttum ekki fyrr en við vorum allar orðnar sáttar.“

Úps!

TÓNLIST

Söngtónleikar

★★★★★

Lög eftir Kurt Weill

Gljúfrasteinn

Sunnudagur 11. ágúst

Söngur: Björk Nielsdóttir sópran
Píanó: Matthildur Anna Gísladóttir

Það er gaman að koma á tónleika í Gljúfrasteini. Stofa skáldsins er falleg, viðarklæddir veggirnir eru hlýlegir. Á sófaborðinu er veglegt silfurbox fyrir sigarettur ásamt öskubökkum; minnisvarði um það þegar sjálfsgött þótti að reykja hvar sem var. Maður upplifir tímalæsi, þarna stendur tíminn í stað.

Tónleikar eru haldnir reglulega í Gljúfrasteini, og vegna þess að stofan er bara venjuleg að stærð,

35-40 fermetrar á að giska, þá skapast skemmtileg nálægð við lista-fólkið. Á sunnudaginn var komu þarna fram þær Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari og Björk Nielsdóttir sópran, en hún var valin bjartasta vonin á Tónlistarverðlauninum í fyrra.

Óvanalega vitt verkefnasvið

Björk átti þau verðlaun fyllilega skilið. Undanfarið hefur hún vakið athygli fyrir glæsilega frammistöðu. Rödd hennar er fögur og hún miðlar ætíð athyglisverðri listrænni sýn til áheyrenda.

Verkefnaval hennar er óvanalega breitt. Á meðan aðrir tónlistarmenn halda sig innan marka ákveðinnar greinar; ljóðasöngs frá rómantíska tímanum, túlkunar kassastykkjanna úr óperugeiranum eða framúrstefnu, þá er Björk jafnvið



Björk Nielsdóttir söng af ríkulegri tilfinningu, segir gagnrýnandinn.

á hvað sem er. Ég hef heyrt hana syngja aðalhlutverkið í aðgengilegri barnaóperu og leika sér að djörfustu tilraunatónlist eins og ekkert væri, auk þess sem hún hefur spilað á trompet út um allan heim með heimsfrægu tónlistarfólki.

Nú bætti hún leikhústónlist Kurts Weill við safnið sitt og það var ekkert síður skemmtilegt.

Fjölbreytt lög

Lögin eftir Weill eru melódísk og gripandi, en samt ekki einföld. Hljómagangurinn í þeim er margbrotinn og oft óvæntur, stundum gripur píanóleikarinn laglinurnar á lofti á meðan söngvarinn brestur í tal. Lögin á efnisskránni voru fjölbreytt, þarna var vangalagið Je ne t'aime pas, grínlag um hoppandi kjótbollur, Surabaya Johnny, sem fjallar um ástarsorg, og fleira.

Lögin voru á mismunandi tungumálum, enda starfaði Weill í ólíkum heimshornum eftir að hann flúði frá Þýskalandi nasismans. Eitt var meira að segja í íslensku þýðingu, en það var Sjóræningja-Jenny úr Túsíldingsóperunni. Það var

mjög fyndið. Björk brá sér í hlutverk morðóðs sjóræningja og söng: „Þegar hausarnir rúlla, þá segi ég úps,“ og vakti það mikla kátínu tónleikagesta.

Söngurinn var ávallt glæsilegur; Björk söng hvert lag af ríkulegri tilfinningu og tæknilegum yfirburðum. Röddin var tær og jöfn hvarvetna á tónsviðinu. Matthildur Anna spilaði svo af kostgæfni á píanóið, leikur hennar var vandaður og nákvæmur, lifandi og fullur af innlifun.

Endurómunin í stofunni var reyndar minni en ákjósanlegt er, en nálægðin við söngkonuna bætti það upp og úr skapaðist notaleg, hlýleg stemning. Útkoman var mögnuð.

Jónas Sen

NIDURSTAÐA: Skemmtilegir tónleikar; glæsilegur flutningur, flott tónlist.

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

16. ÁGÚST 2019

Gjörningur

Hvað? Gjörningur
Hvenær? 20.00
Hvar? Deiglan
Anna Richardsdóttir og Wolfgang Frosta Sahr fremja gjörning. Aðgangseyrir 1.000.


Hvað? Innsetning
Hvenær? 17.00
Hvar? Mengi
Performans-innsetning eftir Pétur Eggerts í samstarfi við Lilju Mariu Ásmundsdóttur. Aðgangur ókeypis.

Myndlist

Hvað? Myndlistarsýning
Hvenær? 8.00
Hvar? Bismút, á horni Hverfisgötu og Vitastígs
Melli (Melkorka Þorkelsdóttir) sýnir verk sín.

Hvað? Skynjun – Má snerta
Hvenær? 16.00
Hvar? Listasalur Mosfellsbæjar
Gerður Guðmundsdóttir sýnir. Sýningargestir eru hvattir til að snerta verkin og skynja þau með snertingu, en sýningin er sérstaklega hönnuð með þarfir blindra og sjónskerta í huga.

Hvað? Ómar af kynngimagnaðri fjarveru
Hvenær? 17.00
Hvar? Nýlistasafnið
Karl Ómar Ómarsson opnar einkasýningu.



Verk eftir Karl Ómar Ómarsson.

Tónlist

Hvað? Tónleikaferð
Hvenær? 20.00
Hvar? Skólahúsið Kópaskeri
Diddú, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Sigurður I. Snorrason klarínnettuleikari flytja hjarðsöngva og ljóð eftir ýmsa höfunda.



Diddú verður í Skólahúsinu á Kópaskeri í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Námskeið fyrir skúffuskáld

Sunna Dís Másdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri bókmennta á Borgarbókasafninu, heldur utan um námskeiðið Smátexar – frá örsögu til útgáfu sem haldið er á vegum Borgarbókasafnsins.

Námskeiðið er frítt og er kennt samhliða Skrifstofunni, ritsmíðaverkstæði skrifandi fólks. Það er kennt undir handleiðslu Sunnu Dísar og er tvískipt: Kennt verður í smíðjuformi á miðvikudögum í september en í október og nóvember verður boðið upp á fjarkennslu þar sem nemendur vinna texta sína

➤ **NÁMSKEIÐIÐ ER FRÍTT OG ER KENNT SAMHLIÐA SKRIFSTOFUNNI, RITSMÍÐAVERKSTÆÐI SKRIFANDI FÓLKS.**

áfram, lesa yfir hver hjá öðrum og búa til útgáfu. Skráning er hafin og er umsóknarfrestur til og með 30. ágúst. Hámarksfjöldi þátttakenda er tuttugu.

Skráning er á netfanginu: sunna-dis@gmail.com.



Sunna Dís heldur námskeið fyrir skúffuskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

50.000 Afsláttur
MEDAN BIRGDIR ENDAST

LEGION Y530
Leikjafartölva, i5, 16GB minni og leikjaskjökort
149.990
VERÐ ÁÐUR 199.990

ALLT AÐ
60 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

20.000 Afsláttur
MEDAN BIRGDIR ENDAST

LENOVO
Yoga 530 með i5 og 256GB SSD disk
119.990
VERÐ ÁÐUR 139.990

MÖGNUN

OPNUNAR

TILBOÐ

MEDAN BIRGDIR ENDAST

50% Afsláttur
AF YFIR 1000 VÖRUM

VEISLA ALLA VIKUNA
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði!

50% Afsláttur
MEDAN BIRGDIR ENDAST

LENOVO
Yoga C N23 með snertiskjá
24.995
VERÐ ÁÐUR 49.990

NÝ VERSLUN
Í MÖRKINI 3 REYKJAVÍK OG UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

12.40 Sumarið
13.00 Útsvar 2016-2017 Fjalla-
byggð - Hafnarfjörður
14.05 Enn ein stöðin
14.30 Séra Brown
15.15 Söngvaskáld Valgeir Guð-
jónsson
16.00 Skógarnir okkar Vagla-
skógur
16.25 Walliams & vinur
16.55 Nonni og Manni
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Anna og vélmennin
18.50 Landakort Þegar verið var
að lagfæra stéttina fyrir framan
kirkjuna á Hvalsnesi árið 1964
fannst fyrir tilviljun legsteinn
Steinunnar, dóttur Hallgríms
Péturssonar, sem var prestur þar
þegar hún lést. Steinninn, sem
talið er að Hallgrímur hafi höggvið
sjálfur, hafði þá lengi verið týndur.
Steinninn er nú varðveittur í
Kirkjunni. Landinn rifjaði upp sögu
steinsins með Guðrúnu Jónsdótt-
ur bókmenntafræðingi en hún
var barn í sveitinni þegar steinn-
inn fannst. Umsjón: Sigurlaug M.
Jónasdóttir og Karl Sigtryggsson.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir Helstu fréttir
dagsins af innlendum og er-
lendum vettvangi. Alla daga, allt
árið um kring.
19.30 Veður
19.40 Íslenskt grínsumar. Ráðis
20.00 Íslenskt grínsumar. Edda -
engum lík
20.40 Ferðin að miðju jarðar
Ævintýramynd frá 2008 um
þrjá ferðalangana sem uppgötva
magnaðan heim við miðju jarðar.
Vísindamaðurinn Trevor Anderson
kemst yfir kassa sem var í eigu
bróður hans sem hvarf sporlaust.
Þar finnur hann bók sem gefur
honum vísbendingar um síðasta
ferðalag bróður síns. Hann ákveð-
ur að fylgja vísbendingunum eftir
í von um að finna bróður sinn og
ferðast til Íslands ásamt frænda
sínum. Þar hitta þeir leiðsögu-
manninn Hönnuh, sem leikin er af
Anítu Briem, og saman leggja þau
af stað í ótrúlega ævintýraferð.
Leikstjóri: Eric Brevig. Aðalhlut-
verk: Brendan Fraser, Josh Hutch-
erson og Aníta Briem. e.
22.10 Síðasta konungsríkið
23.00 Banks lögreglufulltrúi -
Mannrán Bresk sakamálamynd
um lögreglufulltrúann Alan Banks
sem rannsakar dularfullt manns-
hvarf. Meðal leikenda eru Stephen
Tompkinson, Andrea Lowe og
Caroline Catz. Atriði í myndinni
eru ekki við hæfi barna.
00.25 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.25 BMW Championship Út-
sending frá BMW Championship á
PGA mótaröðinni.
12.25 PGA Highlights Hápunkt-
arnir á PGA mótunum.
13.20 Inside the PGA Tour
Skyggst á bak við tjöldin í PGA
mótaröðinni í golfi.
13.45 BMW Championship
17.45 Golfing World Skemmti-
legur þáttur sem fjallar um allt
sem við kemur golfheiminum.
18.35 PGA TOUR Special Films
Upphittunarpáttur fyrir FedExCup
Playoffs.
19.00 BMW Championship Bein
útsending frá BMW Championship
á PGA mótaröðinni.
23.00 PGA Special. Gary Player.
Picture This

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Family Guy
14.15 The Biggest Loser
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Younger
20.15 Bachelor in Paradise
21.40 Salmon Fishing in the
Yemen
23.30 The Tonight Show
00.15 NCIS
01.00 The Handmaid's Tale
01.55 The Truth About the Harry
Quebert Affair
02.55 Ray Donovan
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð
dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfreginir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfreginir
12.50 Dánarfreginir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landiBragð
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Grár köttur Fyrsta skiptið
17.00 Fréttir
17.03 Tengivagninn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfreginir
18.53 Dánarfreginir
19.00 Flugur Vængir koma fyrir í
öllum lögunum
19.50 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Hringið
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfreginir
22.10 Tengivagninn
23.05 Óskastundin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Going in Style
13.35 Brad's Status
15.15 Every Day
16.55 Going in Style
18.35 Brad's Status
20.20 Every Day
22.00 The Interview
23.55 John Wick 2
02.00 Almost Married
03.40 The Interview

STÖÐ 2

07.00 Tommi og Jenni
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.30 Brother vs. Brother
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The New Girl
10.00 The Detail
10.40 Deception
11.25 The Good Doctor
12.10 Feðgar á ferð
12.35 Nágrannar
12.55 Wonder
14.45 Bróðir minn ljónshjarta
16.30 Suður-ameríski draumurinn
17.05 Brother vs. Brother
17.45 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Frétta-
stofa Stöðvar 2 flytur fréttir í
opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Veður
19.25 Strictly Come Dancing
20.40 Strictly Come Dancing
21.25 Hotel Artemis
23.00 A.X.L
00.40 Maze Runner. The Death
Cure
03.00 Blockers
04.40 Wonder

STÖÐ 3

19.10 Mom
19.35 Schitt's Creek
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 Barry
21.50 American Dad
22.15 Famous In love
23.00 Lovleg
23.25 All American
00.10 Mom
00.35 Seinfeld
01.00 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Fylkir - Grindavík Útsending
frá leik í Pepsi Max deild karla.
09.20 Vikingur R. - Breiðablik
Útsending frá leik í Mjólurkubikar
karla.
11.00 Salford City - Leeds Út-
sending frá leik í enska deilda-
bikarnum.
12.40 N1 - mótið Skemmtilegur
þáttur um knattspyrnustjórnur
framtiðarinnar.
13.20 Arizona Cardinals - Oakland
Raiders Útsending frá leik í NFL.
15.50 NFL Hard Knocks. Oakland
Raiders
16.40 Vikingur R. - Breiðablik
18.20 La Liga Report Úpphit-
unarpáttur fyrir leikina í spænsku
úrvalsdeildinni.
18.50 Athletic Bilbao - Barcelona
Bein útsending frá leik í spænsku
úrvalsdeildinni.
20.55 Liverpool - Chelsea Út-
sending frá UEFA Super Cup 2019
22.35 Búrið í Búrinu er hitað upp
fyrir öll stærstu UFC-kvöld ársins.
23.15 HK/Vikingur - Fylkir Út-
sending frá leik í Pepsi Max deild
kvenna.
00.55 Leiknir - Þróttur Útsending
frá leik í Inkasso deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

18.40 Huddersfield - Fulham Bein
útsending frá leik Huddersfield og
Fulham í ensku 1. deildinni.

HEIMS
KVIÐUR

Föstudag kl. 14.00

Fréttaskýringarþáttur þar sem fjallað er á ítarlegan og
lifandi hátt um heimsmálin, um allt það sem ekki gerist
á Íslandi.

Umsjón: Birta Björnsdóttir og Guðmundur Björn
Þorbjörnsson.



Landslið Íslands í hestaíþróttum þakkar eftirtöldum samstarfsaðilum stuðninginn á nýafstöðnu heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið var í Berlín

11 gull, 3 silfur, 3 brons - liðabikarinn og reiðmennskuverðlaun FEIF



Tískuvikan í Kaupmannahöfn

Nú er tískuvikunni í Kaupmannahöfn nýlokið. Þar var sýnd heitasta tískan fyrir næsta vor og sumar. Gestir voru hverjir öðrum glæsilegri, og danskar tískuskvísur greinilega óhræddar við að taka áhættu í klæðavali. Skærir litir voru áberandi, þá sérstaklega bleikur og appelsínugulur. Fatnaður fólksins á götunni veitir manni engu minni innblástur en það sem var sýnt á pöllunum. Danir eru framarlega þegar kemur að fjölda tískuhönnuða, en á vikunni sýndu merki á borð við Stine Goya, Ganni, By Malene Birger, Saks Potts og Henrik Vibskov.




Skærir litir voru áberandi á gestunum, þá sérstaklega appelsínugulur og bleikur.
MYNDIR/NORDIC-
PHOTOS/GETTY



Danskar skvísur virðast óhræddari en við Íslendingar við að taka áhættu þegar það kemur að klæðavali.



Seint dytti manni í hug að girða leðurjakkann ofan í pilsid en í þessu tilvikki kemur það mjög vel út.



Gestur í úlpu úr samstarfslínu 66°Norður og Ganni. Henni hefur ef-laust verið fullhlýtt í henni í sólinni.



Þótt veðrið hafi leikið við gesti tískuvikunnar voru einhverjar greinilega búnar að opna haustfataskápinn, en voru ekki síður flottar.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
● Facebook ● Instagram ● Twitter



HONEST
Gróolúborin eik, svartir duftlakkaðir
málmfætur. 160x95 cm. 129.900 kr.

NÚ 103.920



20-40% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM OG BORÐBÚNAÐI



HONEST skápur. Gróolúborin eik, olúborin eik
eða hvítolúborið, svartir fætur. 180x100x40 cm.
199.900 kr. Nú 159.920 kr.



INCONTRI vínglós 43cl. 4 í pk. 3.495 kr.
Nú 2.796 kr.



CHARME vínglós. 12 stk. í pk. 5.495 kr.
Nú 2.748 kr.



MARCO stóll. Svart, brúnt eða grátt PU leðurlíki. 39.900 kr. Nú 31.920 kr.



GROOVY matarstell.
Matardiskur. 26,5 cm. 995 kr. Nú 796 kr.
Hliðardiskur. 22 cm. 895 kr. Nú 716 kr.
Hliðardiskur. 19 cm. 795 kr. Nú 636 kr.
Súpudiskur. 22 cm. 895 kr. Nú 716 kr.
Kanna. 30cl. 895 kr. Nú 716 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

VERIÐ VELKOMIN
Á HALLVEIGARSTÍG UM HELGINA
GLEÐILEGA HÁTÍÐ!



499 kr

SUPER1 LANGLOKUR
ALLAR TEGUNDIR
190g

329 kr

SUPER1 SAMLOKUR
ALLAR TEGUNDIR
170g



119 kr

CARABAO
ORKUDRYKKIR
330ml

69 kr

BIG BREAK
HNETU OG BANANA
40g



ÞÚ FINNUR SUPER1 Á TVEIMUR STÖÐUM



HALLVEIGARSTÍG 1



SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA

SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

Flogið út fyrir nokkrar sekúndur

Arnmundur Ernst Backman leikur í Eurovision-mynd Wills Ferrell og var nýbúinn í tökum þegar blaðamaður náði á hann. Arnmundur fer einnig með hlutverk í Hvítur, hvítur dagur, sem hann segir hafa verið dýrmæta reynslu sem hann sé afar þakklátur fyrir.

Þegar blaðamaður náði tali af Arnmundi Ernst Backman var hann staddur í London, nýbúinn í tökum með engum öðrum en Will Ferrell. Í London fara nú fram tök á Eurovision, mynd sem skartar Will Ferrell og Rachael McAdams í aðalhlutverkum. Í myndinni leika þau keppendur Íslands í söngvakeppninni sívinsælu. Nokkrir Íslendingar hafa því verið kallaðir til að leika í myndinni.

Ferrell stóðst allar væntingar

„Ég er í London og kom hingað til að leika í örsenu í Eurovision. Ég var bara að hitta Will Ferrell áðan. Það var geggjað. Ég hef litið svo lengi upp til þessa manns og fundist hann flottur leikari. Það er svo gaman þegar maður hittir svona fólk og það algjörlega stengt allar væntingar. Hann var ótrúlega ljúfur og stuðningsríkur.“

Arnmundur segir Will ekki hafa verið með neina stæla eða vesen.

„Maður hefur heyrt sögur af aðal-leikurum sem bara klára sínar línur og ef það er ekki upptaka í gangi, þá eru þeir farnir. En hann var alls ekki þannig. En við skulum samt líka hafa það á hreinu að þetta hlutverk mitt, ég er bara í mesta lagi sjö sekúndur í mynd. Þetta var mjög lítið, en alveg mjög gaman.“

Nokkrir aðrir íslenskir leikarar hafa fengið hlutverk í myndinni, þar á meðal Björn Hlynur Haraldsson, Hlynur Þorsteinsson og Nína Dögg Filippusdóttir.

„Ég leik það sem kallað er sviðstjóri. Mér var flogið út til að leika þetta hlutverk þessar sjö sekúndur,“ segir Arnmundur hlæjandi og bætir svo við: „Þetta er svo sérstakt, stundum er manni flogið út fyrir svona örstutt atriði. Um daginn var mér flogið út til að leika á móti Antonio Banderas, eða að því er ég hélt. Svo var búið að breyta því, og á endanum var senan klippt út.“

Arnmundur leikur í Þjóðleikhúsinu í vetur.

„Í haust leik ég í Atómstöðinni og svo öðru verki, sem ég er ekki með á hreinu að búið sé að tilkynna um. Svo ég læt vera að nefna það, en því er leikstýrt af Góa, Guðjóni Davíð Karlssyni. Í því leik ég einmitt með Ingvari E. sem er með mér í Hvítum, hvítum degi og öðrum frábærum leikurum.“

Mamma var besti gagnrýnandinn

Ingvar E. Sigurðsson fer með aðalhlutverkið í myndinni Hvítur, hvítur dagur en Hlynur Pálmason leikstýrir henni. Í myndinni stelar hin tíu ára gamla Íða Meðkin Hlynisdóttir senunni sem Salka, dótturdóttir persónu Ingvars. Myndin var frumsýnd í Cannes.

„Mér bauðst að fara með þangað en náði ekki að þúsla því alveg saman, því miður. Ég er líka heldur ekki með neitt gríðar-

INGVAR VAR Í ESSINU SÍNU OG HLYNUR PÁLMASSON, LEIKSTJÓRINN, ÉG ER SVO INNILEGA ÞAKKLÁTUR FYRIR AÐ HAFI FENGIÐ AÐ KYNNAST HONUM OG VINNA MEÐ HONUM.

lega stórt hlutverk í henni, en ég er samt mjög þakklátur fyrir að hafa fengið að leika það. Þetta var einstaklega skemmtilegt hlutverk. Ein sena í myndinni er ein sú allra skemmtilegasta sem ég hef leikið í,“ segir hann.

Arnmundur vill ekki gefa of mikið upp um senuna sjálfa en hún var tekin upp í einni samfelldri töku í sama rýminu. Í þeirri senu leikur hann á móti Ingvari, Íðu og Sigga Sigurjóns. Faðir Arnmundar, Björn Ingi Hilmarsson, leikur einnig í myndinni, þótt þeir séu ekki í neinum senum saman.

„Verandi í þessum iðnaði sem leiklistin er, þessi iðnaður er ekki það stór á Íslandi. Þannig að nálægðin við pabba er alltaf mikil. Maður er alltaf einhvern veginn í næsta nágrenni við föður sinn. Því miður ekki mömmu, það hefði verið gaman að eiga þá reynslu og leika með henni.“

Móðir Arnmundar var Edda Heiðrún Backman, ein ástsælasta leikkona Íslendinga fyrr og síðar. Hún lést fyrir aldur fram úr sjúkdómnum MND árið 2016.

„Hún leikstýrði mér þegar ég var 15 ára í verki sem hét Mýrarljós, það var mjög gaman að fá að upplifa það. Svo var hún líka alltaf sú fyrsta sem ég leitaði til eftir ráðum. Hún var aðal-gagnrýnandinn sem ég hlustaði á eftir sýningar. Hennar skoðun og ráð skiptu mig mestu. Hún var mjög góð í að miðla þekkingu og ábendingum.“

Heilagt andrúmsloft á tókustað

Arnmundur segir ótrúlega góðan anda hafa ríkt á setti við gerð myndarinnar Hvítur, hvítur dagur. „Þegar maður býr að ákveðinni reynslu, sem ég er mjög heppinn að búa að þrátt fyrir ungan aldur, þá getur maður mjög fljótlega fundið það hvernig stemningin er á tókustað. Hvernig andi ríkir yfir framleiðsluferlinu.“

Hann segir það hafa verið ótrúlega skýrt að eitthvert heilagt andrúmsloft ríkti í kringum gerð myndarinnar.

„Ofboðslega þægileg orka og mikil sköpunargleði ríkti í loftinu. Ingvar var í essinu sínu og Hlynur Pálmason, leikstjórinn, ég er svo innilega þakklátur fyrir að hafa fengið að kynna honum og vinna með honum. Svo var ég þarna að vinna líka náði með Sigga Sigurjóns, hann er svo gefandi listamaður og frábær í alla stað. Framleiðandinn hann Anton hafði óbilandi trú á verkefninu og studdi vel við leikarana sem og alla á setti. Ég var þarna umkringdur fólk sem ég lit mjög mikið upp til í dag, og vona að ég fái að vinna með því öllu sem oftast.“

Hvítur, hvítur dagur verður frumsýnd hérlendis þann 6. september. steingerdur@frettabladid.is

MAMMA VAR ALLTAF SÚ FYRSTA SEM ÉG LEITADI TIL EFTIR RÁÐUM. HÚN VAR AÐALGAGNRÝNANDINN SEM ÉG HLUSTAÐI Á EFTIR SÝNINGAR. HENNAR SKOÐUN OG RÁÐ SKIPTU MIG MESTU.



Arnmundur ásamt dansaranum og leiklistarnemanum Ellen Margréti Bæhrenz, og syni þeirra Hrafni Jóhanni Bæhrenz Backman.

MicellAIR[®]

HREINSILÍNA

FYRIR VATNSHELDAN FARÐA



NIVEA MicellAIR Expert hreinsilínan fjarlægir vatnsheldan farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni, í bland við þurrolíu og svart te. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.

BAKÞANKAR

Þórarins
Þórarinssonar



Litrík Mullers-æfing

Þótt fólk sé alls konar, hinsegin og jafnvel líka svona, erum við í eðli okkar hvorki góð né ill. Hins vegar er fólk annaðhvort leiðinlegt eða skemmtilegt. Þau skemmtilega ætla að fagna fjölbreytileikanum og þá óhjákvæmlega lífinu um leið í skruðgöngu á morgun.

Þar sem andlegur þroski er ekki frekar en vitið í askana látinn er sú gleðiganga eitru í beinum sorglega margra sem þjakaðir af andlegum næringarskortum naga þá sturluðu ranghugmynd að allir eigi að vera eins. Og það sem verri er, nákvæmlega eins og þeir.

Þetta fólk er ekki endilega illt en leiðinlegt er það. Þau eru bara „svona“ í stjórnlausum ótta við allt „hinsegin“ með þráhyggjukenna þörf fyrir að skipta sér af því hvernig annað fólk er og kys að lifa lífinu. Saudirnir í þessu leiðindafé eru eðli málsins samkvæmt ekki allir nákvæmlega eins en rúmast þó allir undir einföldu regnhlífarhugtaki, svokölluðu „Mullers-heilkenni“ með vísan til útskýringaglaða og ímyndaða forystuhrútsins Baldurs Muller.

Meininu fylgir meðal annars að finnast transfólk vera „djöfulsýns viðbjóður“. Ágætt en dapurlegt og handahófskennt dæmi um að þessum rollum og rollum er fyrst og fremst vorkunn. Mikil óskaplega hlýtur þeim að liða illa á sálinni sem mega ekkert sjá sem er öðruvísi án þess að æla svartagalli.

Góðu heilli má slá á heilkennið og jafnvel finna smá gleði í hjarta með einfaldri Mullers-æfingu. Prufa bara að kyngja ælunni, kasta af sér sauðskinnsskónum, dressa sig upp í eitthvað annað en mórautt og skella sér í gönguna. Þar er ekkert að óttast vegna þess að ólíkt samkynhneigð og alls konar öðruvísi kynvitund eru gleðin og hamingjan smitandi.

Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN

GOTTERÍ

Verð áður: 1.990
990
KR/KG

Kvikk
ON THE GO

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR

Sinfonia



SERTA SINFONIA ÓTRÚLEGT AFMÆLISVERÐ

STÆRÐ	AFMÆLISVERÐ STÖK DÝNA	AFMÆLISVERÐ MED COMDORT BOTNI OG FÓTUM
120x200 cm	65.900 kr.	103.940 kr.
140x200 cm	72.900 kr.	115.875 kr.
160x200 cm	79.900 kr.	133.375 kr.
180x200 cm	89.900 kr.	152.060 kr.
180x210 cm	95.900 kr.	166.745 kr.
192x203 cm	99.900 kr.	170.745 kr.



STÆRSTI DÝNU-
FRAMLEIÐANDI
VERALDAR

Sinfonia

Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavinum sem kjósa gæði og gott verð.

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægindalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu poka-

gormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda rétttri sveigju á líkamanum alla nóttina.

Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-Fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK